FAS23110024

# Greinargerð fagsviða og sjóða A-hluta

Við framlagningu árshlutareiknings Reykjavíkurborgar janúar – september 2023

**Lagt fram í borgarráði**
**30. nóvember 2023**

# Efnisyfirlit

1. Aðalsjóður ..... 2
1.1 Menningar- og íþróttasvið ..... 5
1.2 Skóla- og frístundasvið ..... 7
1.3 Umhverfis- og skipulagssvið ..... 14
1.4 Velferðarsvið ..... 15
1.4.1 Velferðarsvið – bundnir liðir ..... 18
1.5 Skrifstofur miðlægrar stjórnsýslu ..... 20
1.6 Sameiginlegur kostnaður ..... 21
1.7 Fjármála- og áhættustýringarsvið ..... 23
1.8 Mannauðs- og starfsþróunarsvið ..... 24
1.9 Þjónustu- og nýsköpunarsvið ..... 25
1.10 Framlög til B-hluta fyrirtækja ..... 26
2. Eignasjóður ..... 27
2.1 Eignaskrifstofa (ESR) ..... 30
2.2 Skrifstofa miðlægrar stjórnsýslu (RHS ES) ..... 31
2.3 Umhverfis- og skipulagssvið (ES) ..... 32
3. Lykiltölur mannauðs ..... 33

# 1. Aðalsjóður




| Rekstur Aðalsjóðs (í m.kr.) | Raun 2023_09 | Áætlun | Frávik | % | Raun 2022_09 | Breyting | % |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Staðgreiðsla | 89.584 | 85.226 | 4.358 | 5,1% | 77.507 | 12.077 | 15,6% |
| Hlutdeild Jöfnunarsjóðs í staðgr. | -12.458 | -11.457 | -1.001 | 8,7% | -9.885 | -2.573 | 26,0% |
| Skattbreytingar, niðurfærslur og afskrift skatttekna | 4.132 | 3.500 | 632 | 18,1% | 2.884 | 1.248 | 43,3% |
| **Nettó útsvar** | **81.258** | **77.269** | **3.989** | **5,2%** | **70.507** | **10.751** | **15,2%** |
| Fasteignaskattar | 22.465 | 22.287 | 178 | 0,80% | 19.683 | 2.782 | 14,1% |
| **Skatttekjur samtals** | **103.723** | **99.556** | **4.168** | **4,2%** | **90.190** | **13.534** | **15,0%** |
| Endurgeiðslur annarra: | | | | | | | |
| Gr. frá ríkissjóði v. heimahjúkrunar | 1.801 | 1.827 | -26 | -1,4% | 1.780 | 21 | 1,2% |
| Gr. frá ríkissjóði v. framfærslustyrks erl. ríkisb. | 1.086 | 711 | 375 | 52,7% | 0 | 1.086 | n/a |
| Gr. frá ríkissjóði v. þjónustu við hælisleitendur | 792 | 585 | 207 | 35,3% | 597 | 194 | 32,6% |
| Gr. v. Klettaskóla og frístundar Klettaskóla | 709 | 589 | 120 | 20,4% | 56 | 653 | 1164,7% |
| Uppgjör sveitarfélaga vegna skólakostn. | 219 | 78 | 141 | 180,7% | 493 | -274 | -55,5% |
| Gr. sveitarf. v. rekstur skíðasvæða höfuðb.sv. | 274 | 274 | 0 | 0,0% | 230 | 44 | 18,9% |
| Aðrar greiðslur frá ríki og sveitarfélögum | 952 | 549 | 402 | 73,2% | 800 | 152 | 19,0% |
| Ýmsir styrkir | 353 | 166 | 187 | 112,4% | 311 | 41 | 13,3% |
| **Endurgeiðslur annarra samtals:** | **6.186** | **4.780** | **1.406** | **29,4%** | **4.268** | **1.918** | **44,9%** |
| Framlög Jöfnunarsjóðs | 9.125 | 8.951 | 174 | 1,9% | 6.920 | 2.206 | 31,9% |
| Þjónustutekjur | 9.390 | 8.910 | 479 | 5,4% | 8.721 | 669 | 7,7% |
| Eignatekjur | 540 | 375 | 165 | 44,0% | 445 | 95 | 21,4% |
| Aðrar tekjur | 2.401 | 2.198 | 203 | 9,3% | 2.155 | 246 | 11,4% |
| **Rekstrartekjur samtals** | **131.365** | **124.769** | **6.596** | **5,3%** | **112.699** | **18.667** | **16,6%** |
| Laun og launatengd gjöld | -71.333 | -68.372 | -2.961 | 4,3% | -66.304 | -5.029 | 7,6% |
| Hækkun lífeyrisskuldbindingar LsRb | -2.625 | -1.125 | -1.500 | 133,3% | -2.925 | 300 | -10,3% |
| **Launakostnaður samtals** | **-73.958** | **-69.497** | **-4.461** | **6,4%** | **-69.229** | **-4.729** | **6,8%** |
| Annar rekstrarkostnaður | -68.969 | -66.000 | -2.968 | 4,5% | -64.701 | -4.268 | 6,6% |
| **Rekstrargjöld samtals** | **-142.927** | **-135.498** | **-7.429** | **5,5%** | **-133.929** | **-8.997** | **6,7%** |
| Fjármagnsliðir | 7.593 | 6.135 | 1.458 | 23,8% | 8.869 | -1.276 | -14,4% |
| **EBITDA** | **-11.562** | **-10.728** | **-833** | **7,8%** | **-21.231** | **9.669** | **-45,5%** |
| **Rekstrarniðurstaða** | **-3.969** | **-4.594** | **625** | **-13,6%** | **-12.362** | **8.393** | **-67,9%** |

**Rekstrarniðurstaða Aðalsjóðs var neikvæð um 3.969 m.kr.** en fjárhagsáætlun gerði ráð fyrir að niðurstaðan yrði neikvæð um 4.594 m.kr. og var niðurstaðan því um 625 m.kr. betri en áætlað var.

**Rekstrartekjur** **Staðgreiðsla** var 4.358 m.kr. yfir áætlun eða 5,1%. **Eftirá álagt útsvar, skattbreytingar og niðurfærslur skatttekna** voru 632 m.kr. yfir áætlun. **Endurgreiðslur annarra** voru 1.406 m.kr. yfir áætlun eða 29,4% einkum frá ríki og öðrum sveitarfélögum. **Þjónustutekjur** voru 479 m.kr. yfir áætlun eða 5,4%. **Aðrar tekjur** voru 203 m.kr. yfir áætlun eða 9,3%.




**Rekstrargjöld** voru 142.927 m.kr. eða 7.429 m.kr. umfram fjárheimildir. **Launakostnaður** var 71.333 m.kr. eða 2.961 m.kr. umfram fjárheimildir. Mest frávik voru á skóla- og frístundasviði þar sem launakostnaður var 1.541 m.kr. umfram fjárheimildir og á velferðarsviði án bundinna liða þar sem hann var 947 m.kr. umfram fjárheimildir. **Breyting lífeyrisskuldbindingar v. LsRb** nam 2.625 m.kr. gjaldfærslu og var 1.125 m.kr. yfir áætlun. Frávikið má aðallega rekja til þess að laun hækkuðu meira en gert hafði verið ráð fyrir. **Annar rekstrarkostnaður** var 68.969 m.kr. eða 2.968 m.kr. eða 4,5% umfram fjárheimildir[1]. Hjá skóla- og frístundasviði var hráefniskostnaður í mötuneyti 705 m.kr. umfram fjárheimildir. Rekstur og umhirða borgarlandsins var 883 m.kr. umfram fjárheimildir aðallega vegna Reksturs gatna og opinna svæða sem var 846 m.kr. umfram fjárheimildir sem skýrist mest af vetrarþjónustu sem var 657 m.kr. umfram fjárheimildir.

**Nettó fjármunatekjur** voru 7.593 m.kr. eða 1.458 m.kr. yfir áætlun. Þar af voru vaxtatekjur og verðbætur 180 m.kr. yfir áætlun ásamt vaxtagjöldum og verðbótum sem voru 44 m.kr. yfir fjárheimildum. Fjármagnstekjuskattur var 57 m.kr. yfir áætlun og arður af eignahlutum var 1.337 m.kr. yfir áætlun. Tekjur af ábyrgðargjaldi voru 44 m.kr. yfir áætlun.

## Efnahagur

| Efnahagur Aðalssjóðs (m.kr.) | 30.9.2023 | 31.12.2022 | Breyting | % |
|---|---|---|---|---|
| Langtímakröfur og eignahlutir í félögum | 22.315 | 54.600 | -32.285 | -59,1% |
| Fyrirframgr. til Brúar lsj. (langtíma krafa) | 8.276 | 8.475 | -199 | -2,3% |
| Veltufjármunir án handb.fjár | 21.568 | 23.421 | -1.853 | -7,9% |
| Handbært fé | 21.094 | 10.188 | 10.906 | 107,0% |
| Eignir samtals | 73.254 | 96.684 | -23.430 | -24,2% |
| Eigið fé | -18.823 | -14.854 | -3.969 | 26,7% |
| Lífeyrisskuldbinding LsRb | 37.545 | 36.939 | 606 | 1,6% |
| Langtímalán | 5.360 | 5.155 | 205 | 4,0% |
| Næsta árs afborganir langtímalána og lífeyrisskuldbindingar | 2.804 | 2.798 | 7 | 0,2% |
| Skammtímaskuldir án næsta árs afb. | 46.367 | 66.646 | -20.279 | -30,4% |
| Skuldir samtals | 92.077 | 111.538 | -19.462 | -17,4% |
| Skuldir og eigið fé samtals | 73.254 | 96.684 | -23.430 | -24,2% |

[1] Sjá nánar umfjöllun á hverju sviði fyrir sig.

## Sjóðstreymi




Handbært fé frá áramótum til loka september hækkaði um 10.906 m.kr. Veltufé frá rekstri var neikvætt um 1.607 m.kr. og breyting á viðskiptastöðu milli Aðalsjóðs og Eignasjóðs var 11.108 m.kr.

## 1.1 Menningar- og íþróttasvið




| Rekstur MÍR (m.kr.) | Raun 2023 | Áætlun 2023 | Frávik | % |
|---|---|---|---|---|
| Tekjur | 2.150 | 2.024 | 126 | 6,2% |
| Laun og launat. gj. | 4.325 | 4.337 | -13 | -0,3% |
| Annar rekstrark. | 11.286 | 10.955 | 331 | 3,0% |
| **Nettó útgjöld** | **13.461** | **13.268** | **193** | **1,5%** |

Um áramót 2022/2023 voru menningar- og ferðamálasvið og íþrótta- og tómstundasvið sameinuð í eitt svið, menningar- og íþróttasvið. Fjárheimildir beggja sviða fyrir 2023 voru sameinaðar að frátölum fjárheimildum vegna viðburðateymis og Höfuðborgarstofu sem fluttust til skrifstofu borgarstjóra og borgarritara.

Myndin hér til hliðar sýnir niðurstöðu í rekstri menningar- og íþróttasviðs fyrir tímabilið janúar – september 2023 í samanburði við fjárheimildir tímabilsins. Prósentuhlutföll lýsa fráviki raunniðurstöðu miðað við endurskoðaða áætlun (hér eftir nefnd áætlun). Allar tölur eru í milljónum króna.

**Nettó útgjöld sviðsins voru 13.461 m.kr.** sem var 193 umfram fjárheimildir. Þar af var innri leiga umfram fjárheimildir um 77 m.kr. og frístundakortið umfram fjárheimildir um 67 m.kr. Þessir liðir eru bundnir liðir og að þeim frátöldum var rekstur sviðsins neikvæður um 49 m.kr. eða 0,4% umfram fjárheimildir.




### Þjónustuþættir MÍR

| Málaflokkar MÍR (m.kr.) | Tekjur | Áætlun 2023 | Frávik | Laun og launatengd gjöld | Áætlun 2023 | Frávik | Annar kostnaður | Áætlun 2023 | Frávik | Nettó útgjöld | Áætlun 2023 | Frávik | % |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Yfirstjórn MÍR | 0 | 0 | 0 | 269 | 258 | 11 | 36 | 43 | -7 | 305 | 301 | 4 | **1,3%** |
| Söfn | 408 | 365 | 43 | 1.294 | 1.288 | 6 | 1.110 | 1.074 | 36 | 1.996 | 1.997 | -1 | **-0,1%** |
| Menningarborg | 11 | 9 | 2 | 22 | 29 | -7 | 2.327 | 2.303 | 24 | 2.337 | 2.323 | 14 | **0,0%** |
| Íþróttaborg | 100 | 47 | 52 | 58 | 57 | 1 | 5.786 | 5.561 | 225 | 5.745 | 5.571 | 174 | **3,1%** |
| Útilífsborg | 248 | 280 | -32 | 531 | 526 | 5 | 338 | 311 | 27 | 621 | 557 | 64 | **11,4%** |
| Sundlaugar | 927 | 852 | 75 | 1.512 | 1.486 | 27 | 1.350 | 1.308 | 42 | 1.936 | 1.942 | -6 | **-0,3%** |
| Skíðasvæði | 395 | 445 | -50 | 236 | 267 | -32 | 137 | 131 | 5 | -23 | -47 | 24 | **-51,0%** |
| Hitt Húsið | 29 | 22 | 7 | 370 | 396 | -26 | 102 | 106 | -4 | 443 | 480 | -37 | **-7,7%** |
| Kynningarmál, sérverkefni og annað | 32 | 5 | 28 | 33 | 31 | 2 | 100 | 117 | -17 | 101 | 144 | -43 | **-30,1%** |
| **Samtals** | **2.150** | **2.024** | **126** | **4.325** | **4.337** | **-13** | **11.286** | **10.955** | **331** | **13.461** | **13.268** | **193** | **1,5%** |

**Innri leiga:** var um 77 m.kr. umfram fjárheimildir. Innri leigan er greidd til Eignarsjóðs og verður leiðrétt til samræmis við raunþróun verðlags. Frávik á öðrum rekstrarkostnaði sem sýnt er í þjónustuþáttatöflu var því í raun lægri sem því nemur.

**Yfirstjórn:** var 4 m.kr. umfram fjárheimildir, þar af voru laun 11 m.kr. umfram fjárheimildir sem m.a. má rekja til sameiningar sviðanna en annar rekstrarkostnaður var 7 m.kr. innan fjárheimilda.

**Söfn:** voru samtals 1 m.kr. innan fjárheimilda, þar af var Borgarbókasafn um 27 m.kr. innan fjárheimilda, Borgarsögusafn 13 m.kr. umfram fjárheimildir en Listasafnið rúmar 12 m.kr. umfram fjárheimildir. Að stærstum hluta er um að ræða styrki og útgjöld sem ekki eru í áætlun og falla til á ólíkum tímabilum en ættu að nettast út í lok árs.

**Menningarborg:** var tæpar 14 m.kr. umfram fjárheimildir, telur þar mest að styrkir til Leikfélags Reykjavíkur og Hörpu voru rúmar 36 m.kr. umfram fjárheimildir. Aðrir styrkir eru að falla til seinna á árinu og einhver verkefni sem hefjast seinna en áætlað var.

**Íþróttaborg:** var tæpar 174 m.kr. umfram fjárheimildir og skýrist það af nokkrum liðum. Meiri nýting var á frístundakortinu en áætlun gerði ráð fyrir. Frístundakortið var hækkað úr 50.000 kr. í 75.000 kr. í upphafi árs 2023 og þá hefur nýtingin á kortinu einnig aukist og skýrir það frávik upp á 67 m.kr. Rekstur gervigrasvalla var 32 m.kr. umfram fjárheimildir sem skýrist að því að veturinn var óvenjulega kaldur. Egilshöll var 10 m.kr. umfram fjárheimildir en þær hafa ekki verið verðbættar í samræmi við ákvæði samningsins. Innri leiga var 42 m.kr. umfram fjárheimildir.

**Útilífsborg:** var rúmar 64 m.kr. umfram fjárheimildir. Skýrist það af því að Fjölskyldu- og húsdýragarðurinn var 65 m.kr. umfram fjárheimildir. Þar af voru rúmar 6 m.kr. vegna Dýraþjónustunnar og tæpar 59 m.kr. vegna Fjölskyldu- og húsdýragarðsins. Tekjur garðsins voru rúmum 38 m.kr. innan áætlun, launakostnaður var tæpar 3 m.kr. umfram fjárheimildir og annar rekstrarkostnaður að meðtalinni innri leigu var 23 m.kr. umfram fjárheimildir.

**Sundlaugar**: voru 6 m.kr. innan fjárheimilda en bæði tekjur og kostnaður voru umfram fjárheimildir.

**Skíðasvæði**: voru tæpar 24 m.kr. umfram fjárheimildir. Starfsemin er mjög veðurháð og var mikið tekjufall árið 2023 samanborið við 2022.

**Hitt húsið:** var 37 m.kr. innan fjárheimilda en útgjöld falla til seinna en áætlun gerði ráð fyrir.

**Kynningarmál, sérverkefni og annað:** voru um 43 m.kr. innan fjárheimilda. Telur þar mest uppgjör vegna EFA kvikmyndahátíðar auk þess sem kostnaður vegna sérverkefna fellur til seinna en áætlað var.

## 1.2 Skóla- og frístundasvið




| Rekstur SFS (m.kr.) | Raun 2023 | Áætlun 2023 | Frávik | % |
|---|---|---|---|---|
| Tekjur | 4.052 | 3.369 | 683 | 20,3% |
| Laun og launat. gj. | 37.900 | 36.359 | 1.541 | 4,2% |
| Annar rekstrark. | 20.668 | 18.708 | 1.960 | 10,5% |
| **Nettó útgjöld** | **54.516** | **51.698** | **2.818** | **5,5%** |

Myndin hér til hliðar sýnir niðurstöðu í rekstri skóla- og frístundasviðs fyrir tímabilið janúar – september 2023 í samanburði við fjárheimildir tímabilsins. Prósentuhlutföll lýsa fráviki raun niðurstöðu miðað við endurskoðaða áætlun (hér eftir nefnd áætlun). Allar fjárhæðir eru í milljónum króna.

**Nettó útgjöld sviðsins voru 54.516 m.kr.** sem var 2.818 m.kr. umfram fjárheimildir eða 5,5% en til samanburðar var halli sviðsins um 6,5% skv. uppgjöri janúar til júní.

Tekjur voru 20,3% umfram áætlun sem kemur að mestu til vegna styrkja og tekna vegna hælisleitenda.

Laun voru 4,2% umfram fjárheimildir sem kemur til vegna meiri afleysinga vegna veikinda og aukins stuðnings. Hluti tekjuaukningar er vegna verkefna sem fela í sér aukinn launakostnað sviðsins og er ekki jafnað á móti hvort öðru. Þetta skekkir myndina og nauðsynlegt er að horfa á aukna styrki og laun í samhengi. Ekki eru líkur á að miklar breytingar verði á hallarekstri á síðasta ársfjórðungi en þó er unnið að stöðugum umbótum og leitað allra leiða til að draga úr kostnaði starfsstöðva.

Annar rekstrarkostnaður er um 10,5% umfram fjárheimildir í heild. Almennt hefur verið mikil hækkun á rekstrarvörum á árinu þar sem verðbólga hefur verið mun meiri en spár gerður ráð fyrir en hún hefur verið nærri 9%. Framlög til almenns rekstrar hafa ekki tekið verðlagsbreytingum nema að litlum hluta.

Rekstrarkostnaði starfsstaða er skipt upp í tvo hluta. Annars vegar er um að ræða rekstrarliði sem stjórnendur hafa ekki beina aðkomu að og hins vegar rekstrarliði þar sem þeir geta haft áhrif á þróun útgjalda. Af liðum sem stjórnendur stofnana sviðsins hafa ekki aðkomu að er helst að nefna kostnað sem hlýst af fjölgun nemenda í einkareknum skólum sem ekki var gert ráð fyrir auk þess sem fjölgað hefur nemendum er sækja nám í nágrannasveitarfélögum. Halli vegna þessara tveggja liða nemur 392 m.kr. á fyrstu níu mánuðum ársins. Þess má þó geta að tekjur frá nágrannasveitarfélögum vegna barna í reykvískum skólum voru 141 m.kr. yfir áætlun.

Í almennum rekstri sem stjórnendur geta haft áhrif á vegur þyngst mikil hækkun á kostnaði við mötuneyti vegna hækkandi matar- og hráefnisverðs. Stjórnendur hafa leitað leiða til að hagræða í mötuneytiskostnaði og hafa starfsstaðir, í auknu mæli, farið yfir í aðkeyptan mat sem felur í sér meiri fyrirsjáanleika auk þess sem þá dregur úr stjórnunarálagi. Umframkeyrsla í mötuneytiskostnaði nemur 705 m.kr. sem skýrist að stærstum hluta af hækkunum á hráefnisverði en einnig kaupum starfsstaða á aðkeyptu fæði þegar upp koma forföll eða veikindi meðal matráða. Akstur og flutningur skólabarna hefur verið meiri en ráðgert var þar sem nauðsynlegt hefur verið að loka nokkrum skólum vegna framkvæmda og viðhalds. Í nokkrum tilfellum hefur þurft að flytja skólabörn um langan veg milli hverfa til þess að geta haldið uppi lögbundnu skólahaldi.

Óreglulegir liðir grunnskóla nema 215 m.kr. og hjá leikskólum 56 m.kr. Þetta er kostnaður sem rekja má til þess að SFS hefur þurft að bera gjaldfærslu á kostnaði sem fellur ekki undir hefðbundna starfsemi sviðsins og er því sérgreindur.

Móttaka á börnum af erlendum uppruna hefur haft töluverð áhrif á grunnskóla, leikskóla og frístundastarf. Hluti þessara barna hefur litla eða enga formlega skólagöngu. Þessi hópur barna þarfnast mun meiri stuðnings og utanumhalds en almennur rekstur skóla gerir ráð fyrir. Á árinu hefur verið leitað eftir auknum fjárheimildum til að standa undir þessum kostnaði en hingað til hefur það ekki borði árangur. Stuðningsþörf er mikil bæði til að aðlagast skólakerfinu og íslensku samfélagi. Hluti erlendra barna hafa miklar sérþarfir og þurfa því enn frekari stuðning í skóla- og leikskólakerfinu.

| SFS - sviðshlutar | Tekjur | | | Laun | | | Annar kostnaður | | | Samtals | | | % | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | Raun (m.kr.) | Áætlun (m.kr.) | Frávik (m.kr.) | Raun (m.kr.) | Áætlun (m.kr.) | Frávik (m.kr.) | Raun (m.kr.) | Áætlun (m.kr.) | Frávik (m.kr.) | Raun (m.kr.) | Áætlun (m.kr.) | Frávik (m.kr.) | | |
| Grunnskólar | 1.926 | 1.601 | 325 | 20.267 | 19.941 | 326 | 11.996 | 10.910 | 1.086 | **30.337** | **29.250** | **1.087** | **3,7%** | **Halli** |
| Leikskólar | 1.355 | 1.201 | 154 | 12.935 | 11.653 | 1.283 | 6.379 | 5.531 | 848 | **17.958** | **15.983** | **1.975** | **12,4%** | **Halli** |
| Frístundastarf | 670 | 512 | 158 | 3.521 | 3.566 | -45 | 672 | 659 | 13 | **3.522** | **3.713** | **-191** | **-5,1%** | **Afgangur** |
| Skrifstofur SFS | 67 | 24 | 42 | 882 | 901 | -20 | 325 | 294 | 31 | **1.140** | **1.170** | **-31** | **-2,6%** | **Afgangur** |
| Listaskólar ofl. | 34 | 31 | 3 | 296 | 297 | -2 | 1.296 | 1.315 | -18 | **1.558** | **1.581** | **-23** | **-1,4%** | **Afgangur** |
| **Samtals** | **4.052** | **3.369** | **683** | **37.900** | **36.359** | 1.542 | **20.668** | **18.708** | **1.960** | **54.516** | **51.698** | **2.818** | **5,5%** | **Halli** |

| Annar rekstrarkostnaður - SFS í heild | Raun (m.kr.) | Áætlun (m.kr.) | Frávik | % |
|---|---|---|---|---|
| **Rekstrarkostnaður, án aðkomu stjórnenda** | | | | |
| Innri leiga húsnæðis | 8.733 | 8.641 | 92 | 1,1% |
| Rafmagn, hiti og vatn | 395 | 346 | 49 | 14,1% |
| Aðkeypt ræsting, sorphirða og öryggisgæsla | 684 | 544 | 141 | 25,9% |
| Einkareknir skólar og tónlistarskólar | 5.029 | 4.815 | 214 | 4,4% |
| Skólakostnaður greiddur til annarra sveitarfélaga | 595 | 417 | 178 | 42,5% |
| **Samtals rekstrarkostnaður, án aðkomu stjórnenda** | **15.436** | **14.763** | **673** | **4,6%** |
| **Rekstrarkostnaður, aðkoma stjórnenda** | | | | |
| Hráefni í mötuneyti | 1.946 | 1.241 | 705 | 56,8% |
| Kennsluefni | 208 | 195 | 13 | 6,6% |
| Skólaakstur, akstur fatlaðra og sundakstur | 484 | 374 | 110 | 29,4% |
| Viðhald og endurnýjun áhalda og eigna | 547 | 361 | 185 | 51,3% |
| Húsaleiga | 286 | 232 | 54 | 23,5% |
| Aðkeypt vinna | 227 | 134 | 93 | 69,8% |
| Innri leiga búnaðar | 710 | 673 | 38 | 5,6% |
| Annar ýmiss kostnaður ósundurliðaður | 825 | 735 | 89 | 12,1% |
| **Samtals rekstrarkostnaður, aðkoma stjórnenda** | **5.233** | **3.945** | **1.287** | **32,6%** |
| **Samtals annar rekstrarkostnaður** | **20.668** | **18.708** | **1.960** | **10,5%** |

## Grunnskólahluti

| Grunnskólar | Tekjur | | | Laun | | | Annar kostnaður | | | Samtals | | | Frávik % | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | Raun (m.kr.) | Áætlun (m.kr.) | Frávik (m.kr.) | Raun (m.kr.) | Áætlun (m.kr.) | Frávik (m.kr.) | Raun (m.kr.) | Áætlun (m.kr.) | Frávik (m.kr.) | Raun (m.kr.) | Áætlun (m.kr.) | Frávik (m.kr.) | | |
| Grunnskólar samreknir | 213 | 207 | 7 | 2.991 | 2.951 | 39 | 1.575 | 1.437 | 138 | **4.353** | **4.182** | **171** | **4,1%** | **Halli** |
| Grunnskólar | 923 | 770 | 153 | 15.324 | 15.158 | 167 | 7.378 | 6.874 | 504 | **21.780** | **21.262** | **518** | **2,4%** | **Halli** |
| Sérskólar | 531 | 516 | 16 | 1.518 | 1.345 | 173 | 577 | 490 | 87 | **1.563** | **1.319** | **245** | **18,5%** | **Halli** |
| **Samtals borgarreknir:** | **1.667** | **1.492** | **175** | **19.833** | **19.454** | **379** | **9.530** | **8.802** | **728** | **27.696** | **26.763** | **933** | **3,5%** | **Halli** |
| Miðlægt og endurúthlutun | 259 | 109 | 150 | 371 | 488 | -116 | 1.105 | 912 | 193 | **1.217** | **1.291** | **-74** | **-5,7%** | **Afgangur** |
| Óreglulegir liðir grunnskóla | | | | 62 | | 62 | 153 | | 153 | **215** | | **215** | **100,0%** | **Halli** |
| Einkaskólar | | | | | | | 1.208 | 1.196 | 12 | **1.208** | **1.196** | **12** | **1,0%** | **Halli** |
| **Samtals borgar. og einkar** | **1.926** | **1.601** | **325** | **20.267** | **19.941** | **326** | **11.996** | **10.910** | **1.086** | **30.337** | **29.250** | **1.087** | **3,7%** | **Halli** |

### Grunnskólar borgarinnar

Rekstur grunnskóla borgarinnar án sérskóla var í halla að fjárhæð 689 m.kr. eða 2,7%, þar vegur þungt halli þeirra skóla þar sem framkvæmdir standa yfir vegna viðhalds og endurbóta en það hefur raskað skólastarfi töluvert og valdið auknum kostnaði. Afleysing vegna langtímaveikinda í grunnskólum var um 237 m.kr. umfram fjárheimildir en eins og fram hefur komið áður þá voru fyrstu mánuðir ársins skólunum gríðarlega erfiðir sökum bæði langtíma- og skammtímaveikinda. Skammtímaveikindi starfsmanna kalla á afleysingu til að geta haldið uppi lögbundnu skólastarfi og hefur sá kostnaður verið langt umfram þau 3,5% sem gert var ráð fyrir í áætlun. Þessu til viðbótar hefur sértækur stuðningur einnig farið fram úr áætlunum og nú liggur fyrir beiðni frá SFS um viðbótarfjárheimild upp á 225 m.kr. til að loka því gati.

Í grunnskólum borgarinnar er framúrkeyrsla rekstrarliða sem flokkast undir rekstrarliði sem stjórnendur hafa ekki aðkomu að s.s. greiðslur til annarra sveitarfélaga, innri leiga, rafmagn, hiti, sorphirða og ræsting um það bil 408 m.kr. umfram fjárheimildir. Þar vegur þyngst greiðslur til annarra sveitarfélaga vegna fjölgunar reykvískra nemenda er sækja nám í nágrannasveitarfélögunum. Umframkeyrsla þessa liðar var 186 m.kr. en ekki hefur verið aukið við fjárheimildir vegna þessa.

Margir skólar voru í hallarekstri og hefur skrifstofa fjármála hjá SFS fundað með stjórnendum þeirra til greina ástæður rekstrarhallans. Markmið fjármáladeildar SFS er að vinna með og styðja við stjórnendur í þeirri vegferð að rétta af rekstur skólanna en jafnframt grípa inn í reksturinn ef ekki er brugðist við þeim vandamálum sem við er að etja.

Óreglulegir liðir í rekstri grunnskóla (óhagstæð ytri skilyrði og innvistarvandi) hafa verið færðir sérstaklega og nema um 215 m.kr. en þetta er kostnaður sem fallið hefur til vegna framkvæmda, ekki er gert ráð fyrir honum í líkönum og er því ekki almennur kostnaður við skólastarf.

**Sérskólar:**

Klettaskóli er sérskóli á grunnskólastigi sem þjónar öllu landinu. Skólagöngu nemenda sem búsettir eru utan Reykjavíkur fjármagna heimasveitarfélög nemendanna. Rekstur skólans hefur verið í miklum halla síðustu ár þar sem þjónustuþyngd barna hefur aukist mikið án þess að fjárheimildir hafi fylgt í takt við auknar þarfir. Afleysingar vegna veikinda vega þungt í rekstri skólans en veikindahlutfall var um 8,3%. Á tímabilinu janúar - september var halli um 225 m.kr. og fyrirséð að hallinn haldi áfram komi ekki til auknar fjárheimildir. 45% nemenda í Klettaskóla eru börn úr öðrum sveitarfélögum og er greiðsluþátttaka sveitarfélaganna byggð á raunkostnaði.

Brúarskóli er tímabundið skólaúrræði með það markmið að efla nemendur og styðja við þá svo þeir verði hæfari til að stunda nám í almennum grunnskóla. Rekstur skólans var í halla á tímabilinu 20 m.kr. sem kemur að mestu til vegna aukins rekstrarkostnaðar.

Arnarskóli er sjálfstætt starfandi sérskóli þar hefur borgin verið með 12 börn en um mitt ár fjölgaði þeim um tvö. Í lok september var halli þar sem fjárheimildir hafa ekki verið hækkaðar vegna hærri vistunargjalda og fjölgunar um tvö börn.

**Yfirlit yfir rekstrarniðurstöðu grunnskóla borgarinnar:**

Töflunni er raðað þannig að sá skóli sem er í mestum % halla 2023 er efstur en sá skóli sem er með mestan afgang er neðstur.

| Borgarreknir grunnskólar (m.kr.) | | | | | | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Stofnun | Tekjur raun | Tekjur áætlun | Tekjur frávik | Laun raun | Laun áætlun | Laun frávik | Kostnaður raun | Kostnaður áætlun | Kostnaður frávik | Samtals rekstur | Samtals áætlun | Samtals frávik | Frávik % |
| Klettaskóli | 527 | 514 | -13 | 1.135 | 964 | 170 | 475 | 408 | 67 | 1.083 | 858 | 225 | 26,2% |
| Ártúnsskóli | 39 | 39 | 0 | 371 | 352 | 19 | 142 | 115 | 27 | 474 | 429 | 46 | 10,7% |
| Ingunnarskóli | 28 | 23 | -6 | 471 | 446 | 25 | 232 | 189 | 43 | 675 | 612 | 62 | 10,2% |
| Fossvogsskóli | 21 | 21 | -1 | 391 | 372 | 20 | 220 | 199 | 21 | 590 | 550 | 40 | 7,3% |
| Selásskóli | 14 | 14 | 0 | 269 | 247 | 21 | 174 | 168 | 7 | 429 | 401 | 28 | 7,1% |
| Hagaskóli | 31 | 33 | 1 | 612 | 593 | 19 | 254 | 224 | 30 | 835 | 785 | 50 | 6,4% |
| Hlíðaskóli | 40 | 33 | -7 | 749 | 739 | 10 | 333 | 277 | 55 | 1.041 | 983 | 58 | 5,9% |
| Melaskóli | 37 | 36 | -1 | 593 | 568 | 25 | 225 | 208 | 17 | 781 | 740 | 41 | 5,6% |
| Norðlingaskóli | 62 | 63 | 2 | 707 | 682 | 25 | 418 | 388 | 29 | 1.063 | 1.007 | 56 | 5,5% |
| Laugarnesskóli | 40 | 40 | 0 | 604 | 578 | 26 | 271 | 255 | 17 | 835 | 792 | 43 | 5,4% |
| Foldaskóli | 26 | 25 | -1 | 619 | 585 | 34 | 268 | 257 | 11 | 860 | 817 | 44 | 5,4% |
| Dalskóli | 67 | 66 | -1 | 963 | 945 | 18 | 599 | 543 | 57 | 1.496 | 1.422 | 74 | 5,2% |
| Engjaskóli | 24 | 15 | -9 | 308 | 295 | 14 | 189 | 175 | 15 | 474 | 454 | 20 | 4,4% |
| Brúarskóli | 5 | 2 | -3 | 383 | 380 | 3 | 102 | 82 | 20 | 481 | 461 | 20 | 4,3% |
| Hvassaleitisskóli | 37 | 26 | -11 | 332 | 332 | 1 | 169 | 141 | 28 | 465 | 446 | 18 | 4,1% |
| Árbæjarskóli | 44 | 43 | -1 | 764 | 751 | 13 | 330 | 302 | 28 | 1.051 | 1.011 | 40 | 4,0% |
| Laugalækjarskóli | 19 | 20 | 1 | 451 | 459 | -8 | 217 | 189 | 28 | 648 | 627 | 21 | 3,4% |
| Fellaskóli | 20 | 16 | -5 | 622 | 615 | 8 | 253 | 229 | 24 | 855 | 828 | 27 | 3,3% |
| Borgaskóli | 16 | 15 | -1 | 321 | 314 | 8 | 177 | 171 | 6 | 483 | 470 | 13 | 2,8% |
| Vesturbæjarskóli | 40 | 20 | -20 | 380 | 357 | 23 | 247 | 235 | 13 | 588 | 572 | 16 | 2,7% |
| Sæmundarskóli | 26 | 29 | 3 | 520 | 509 | 11 | 303 | 297 | 6 | 797 | 776 | 21 | 2,7% |
| Ölduselsskóli | 31 | 30 | -1 | 596 | 587 | 9 | 304 | 292 | 12 | 870 | 849 | 21 | 2,4% |
| Seljaskóli | 76 | 35 | -40 | 738 | 699 | 38 | 259 | 240 | 19 | 921 | 904 | 17 | 1,9% |
| Breiðagerðisskóli | 26 | 23 | -3 | 411 | 406 | 5 | 226 | 218 | 9 | 611 | 600 | 10 | 1,7% |
| Breiðholtsskóli | 24 | 17 | -7 | 549 | 534 | 14 | 257 | 254 | 2 | 782 | 772 | 10 | 1,3% |
| Háteigsskóli | 35 | 29 | -6 | 525 | 524 | 1 | 197 | 184 | 12 | 687 | 679 | 8 | 1,2% |
| Grandaskóli | 26 | 23 | -2 | 399 | 413 | -15 | 187 | 164 | 23 | 559 | 554 | 6 | 1,0% |
| Rimaskóli | 32 | 29 | -3 | 592 | 586 | 7 | 272 | 270 | 2 | 833 | 828 | 5 | 0,6% |
| Húsaskóli | 18 | 9 | -9 | 209 | 202 | 7 | 158 | 154 | 4 | 349 | 347 | 2 | 0,6% |
| Vogaskóli | 28 | 17 | -11 | 527 | 535 | -8 | 261 | 242 | 19 | 760 | 760 | -1 | -0,1% |
| Álftamýrarskóli | 33 | 25 | -8 | 478 | 488 | -10 | 216 | 201 | 14 | 660 | 664 | -4 | -0,6% |
| Hólabrekkuskóli | 26 | 23 | -2 | 527 | 552 | -25 | 268 | 249 | 20 | 770 | 778 | -8 | -1,0% |
| Austurbæjarskóli | 28 | 25 | -3 | 532 | 539 | -6 | 249 | 248 | 1 | 753 | 761 | -8 | -1,1% |
| Víkurskóli | 18 | 13 | -5 | 262 | 277 | -15 | 173 | 160 | 14 | 418 | 424 | -6 | -1,4% |
| Réttarholtsskóli | 25 | 26 | 1 | 480 | 506 | -26 | 218 | 205 | 13 | 673 | 686 | -12 | -1,8% |
| Langholtsskóli | 40 | 42 | 1 | 795 | 827 | -32 | 347 | 343 | 4 | 1.102 | 1.128 | -26 | -2,3% |
| Hamraskóli | 13 | 10 | -3 | 320 | 339 | -19 | 173 | 163 | 10 | 480 | 492 | -12 | -2,5% |
| Klébergsskóli | 26 | 23 | -3 | 328 | 358 | -30 | 163 | 162 | 1 | 465 | 497 | -32 | -6,5% |
| Samtals | 1.667 | 1.492 | -175 | 19.833 | 19.454 | 379 | 9.530 | 8.802 | 728 | 27.696 | 26.763 | 933 | 3,5% |

## Leikskólahluti

| Leikskólar | Tekjur | | | Laun | | | Annar kostnaður | | | Samtals | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | Raun (m.kr.) | Áætlun (m.kr.) | Frávik (m.kr.) | Raun (m.kr.) | Áætlun (m.kr.) | Frávik (m.kr.) | Raun (m.kr.) | Áætlun (m.kr.) | Frávik (m.kr.) | Raun (m.kr.) | Áætlun (m.kr.) | Frávik (m.kr.) | Frávik % | |
| Leikskólar | 1.154 | 1.100 | 55 | 12.614 | 11.242 | 1.372 | 3.303 | 2.671 | 632 | **14.763** | **12.814** | **1.949** | **15,2%** | **Halli** |
| Óreglulegir liðir leikskóla | | | | 3 | | 3 | 55 | 2 | 53 | **58** | **2** | **56** | **3670,3%** | **Halli** |
| Miðlægt og endurúthlutun | 201 | 101 | 100 | 320 | 410 | -90 | 194 | 71 | 123 | **313** | **380** | **-66** | **-17,5%** | **Afgangur** |
| **Samtals borgarreknir** | **1.356** | **1.201** | **155** | **12.935** | **11.652** | **1.283** | **3.497** | **2.742** | **755** | **15.076** | **13.193** | **1.883** | **14,3%** | **Halli** |
| Einkaskólar | | | | | 1 | 1 | 2.662 | 2.497 | 164 | **2.662** | **2.498** | **164** | **6,6%** | **Halli** |
| Dagforeldrar | | | | | | | 220 | 292 | -72 | **221** | **292** | **-71** | **-24,4%** | **Afgangur** |
| **Samtals einkaskólar og dagf.** | | | | | **1** | **1** | **2.882** | **2.789** | **93** | **2.882** | **2.790** | **92** | **3,3%** | **Halli** |
| **Samtals** | **1.355** | **1.201** | **154** | **12.935** | **11.653** | **1.283** | **6.379** | **5.531** | **848** | **17.958** | **15.983** | **1.975** | **12,4%** | **Halli** |

Rekstrarniðurstaða leikskóla borgarinnar eins og hún birtist í uppgjöri sýnir hallarekstur sem nam 15,2% að fjárhæð 1.949 m.kr. á tímabilinu. Allir leikskólar fyrir utan einn eru með halla umfram 2%. Til að ná betur utan um rekstur leikskólanna hefur verið unnið að nýju leikskólalíkani sem er langt komið í vinnslu. Vonast er til þess að með því fáist betri sýn að eðlilegri fjárheimildum til leikskóla. Nokkrir af þessum leikskólum eru nýir og hafa ekki verið með fulla fjármögnun í tengslum við stofnun leikskólanna. Nýjum leikskólum fylgir töluverður stofnkostnaður, bæði í búnaði, undirbúningi og þjálfun starfsmanna. Hlutfall mönnunar í nýjum leikskólum er hátt miðað við fjölda barna þar sem öll börn sem koma í leikskólann þarfnast aðlögunar og starfsfólkið þarf að læra á nýtt umhverfi. Eins og í grunnskólahlutanum þá hefur afleysing vegna langtímaveikinda farið fram úr fjárheimildum og var umframkeyrslan á tímabilinu 174 m.kr. Að auki hefur aukin stuðningsþörf farið fram úr fjárheimildum sem nemur tæpum 400 milljónum. Framkvæmdir vegna viðgerða og viðhalds vegna rakaskemmda hefur haft töluverð áhrif á rekstur leikskóla og valdið ófyrirséðum kostnaði.

**Yfirlit yfir rekstrarniðurstöðu leikskóla borgarinnar**

Töflunni er raðað þannig að sá skóli sem er í mestum % halla 2023 er efstur en sá skóli sem er með mestan afgang er neðstur.

| Borgarreknir leikskólar (m.kr.) | | | | | | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Stofnun | Tekjur raun | Tekjur áætlun | Tekjur frávik | Laun raun | Laun áætlun | Laun frávik | Kostn raun | Kostn áætlun | Kostnaður frávik | Samtals raun | Samtals áætlun | Samtals frávik | Frávik % |
| Vogabyggð | 13 | 10 | 3 | 150 | 94 | 56 | 77 | 59 | 17 | 214 | 144 | 70 | 48,9% |
| Klambrar | 15 | 14 | 1 | 200 | 132 | 68 | 38 | 32 | 5 | 222 | 150 | 72 | 48,3% |
| Eggertsgata | 13 | 12 | 1 | 178 | 124 | 54 | 71 | 53 | 18 | 236 | 165 | 71 | 43,2% |
| Árborg | 11 | 11 | 0 | 121 | 101 | 20 | 26 | 14 | 12 | 136 | 103 | 33 | 31,7% |
| Ösp | 11 | 9 | 1 | 157 | 121 | 36 | 26 | 22 | 5 | 173 | 134 | 39 | 29,5% |
| Klettaborg | 15 | 15 | 1 | 178 | 138 | 40 | 39 | 32 | 6 | 202 | 156 | 46 | 29,4% |
| Brietartún | 13 | 12 | 1 | 147 | 113 | 34 | 48 | 40 | 8 | 182 | 141 | 41 | 28,8% |
| Nauthólsvegur | 15 | 15 | 0 | 195 | 156 | 39 | 87 | 69 | 19 | 267 | 210 | 57 | 27,4% |
| Hagaborg | 20 | 19 | 1 | 219 | 176 | 42 | 51 | 39 | 12 | 250 | 196 | 54 | 27,4% |
| Álftaborg | 18 | 17 | 0 | 211 | 168 | 43 | 56 | 45 | 11 | 249 | 196 | 53 | 27,2% |
| Sæborg | 15 | 13 | 2 | 158 | 127 | 31 | 37 | 31 | 6 | 180 | 144 | 36 | 25,1% |
| Brákarborg | 19 | 22 | -2 | 225 | 186 | 40 | 147 | 120 | 27 | 354 | 284 | 69 | 24,4% |
| Jöklaborg | 23 | 22 | 1 | 248 | 203 | 46 | 51 | 42 | 9 | 276 | 223 | 53 | 23,9% |
| Sunnuás | 24 | 20 | 4 | 269 | 214 | 56 | 81 | 73 | 8 | 327 | 266 | 60 | 22,6% |
| Seljakot | 18 | 17 | 0 | 180 | 153 | 27 | 58 | 48 | 11 | 221 | 183 | 37 | 20,3% |
| Fífuborg | 15 | 15 | 0 | 161 | 135 | 26 | 39 | 34 | 5 | 185 | 154 | 31 | 20,2% |
| Grænaborg | 15 | 15 | 0 | 177 | 150 | 26 | 41 | 34 | 7 | 202 | 169 | 33 | 19,4% |
| Kvistaborg | 11 | 11 | 0 | 148 | 128 | 20 | 44 | 36 | 8 | 181 | 153 | 28 | 18,6% |
| Múlaborg | 28 | 25 | 2 | 314 | 268 | 46 | 87 | 72 | 15 | 373 | 315 | 58 | 18,5% |
| Laugasól | 26 | 26 | 0 | 315 | 281 | 35 | 89 | 65 | 24 | 378 | 319 | 58 | 18,3% |
| Nóaborg | 16 | 15 | 1 | 179 | 154 | 26 | 41 | 35 | 6 | 204 | 173 | 31 | 18,1% |
| Furuskógur | 22 | 21 | 0 | 217 | 200 | 17 | 75 | 52 | 24 | 271 | 230 | 41 | 17,7% |
| Hálsaskógur | 26 | 25 | 0 | 294 | 247 | 48 | 49 | 49 | 0 | 318 | 270 | 48 | 17,6% |
| Sunnufold | 21 | 21 | 1 | 222 | 202 | 19 | 61 | 40 | 20 | 261 | 222 | 39 | 17,6% |
| Garðaborg | 9 | 10 | 0 | 109 | 94 | 15 | 29 | 26 | 4 | 129 | 110 | 19 | 17,3% |
| Engjaborg | 15 | 15 | 0 | 162 | 138 | 24 | 38 | 36 | 2 | 185 | 159 | 26 | 16,7% |
| Suðurborg | 22 | 21 | 1 | 264 | 228 | 36 | 63 | 55 | 8 | 304 | 261 | 43 | 16,4% |
| Drafnarsteinn | 22 | 21 | 1 | 223 | 206 | 17 | 56 | 36 | 20 | 258 | 221 | 36 | 16,3% |
| Hulduheimar | 15 | 16 | -1 | 168 | 149 | 20 | 43 | 37 | 6 | 197 | 170 | 27 | 15,8% |
| Borg | 24 | 23 | 2 | 248 | 222 | 26 | 61 | 48 | 13 | 285 | 248 | 37 | 15,1% |
| Hólaborg | 10 | 10 | 0 | 126 | 113 | 13 | 28 | 22 | 5 | 143 | 125 | 18 | 14,6% |
| Grandaborg | 12 | 14 | -2 | 162 | 155 | 8 | 57 | 42 | 15 | 207 | 182 | 25 | 13,7% |
| Funaborg | 13 | 12 | 1 | 136 | 121 | 15 | 26 | 23 | 3 | 149 | 131 | 18 | 13,4% |
| Ægisborg | 16 | 16 | 0 | 175 | 162 | 13 | 39 | 29 | 10 | 198 | 175 | 23 | 13,0% |
| Jörfi | 20 | 19 | 0 | 188 | 170 | 19 | 49 | 43 | 6 | 218 | 193 | 24 | 12,6% |
| Seljaborg | 10 | 10 | 0 | 97 | 93 | 4 | 32 | 23 | 9 | 119 | 106 | 13 | 12,5% |
| Sólborg | 14 | 14 | 1 | 255 | 238 | 18 | 52 | 37 | 15 | 293 | 261 | 32 | 12,2% |
| Stakkaborg | 15 | 15 | 1 | 178 | 169 | 8 | 45 | 31 | 15 | 208 | 186 | 22 | 12,0% |
| Holt | 23 | 17 | 6 | 199 | 180 | 19 | 51 | 39 | 11 | 227 | 203 | 24 | 11,8% |
| Hraunborg | 14 | 14 | 0 | 146 | 134 | 13 | 34 | 29 | 5 | 167 | 149 | 17 | 11,6% |
| Langholt | 37 | 34 | 3 | 364 | 327 | 36 | 86 | 77 | 9 | 413 | 371 | 42 | 11,4% |
| Vesturborg | 9 | 9 | 0 | 98 | 88 | 10 | 32 | 30 | 3 | 121 | 109 | 12 | 11,1% |
| Steinahlíð | 15 | 8 | 7 | 116 | 97 | 18 | 45 | 41 | 3 | 145 | 131 | 14 | 10,9% |
| Vinagerði | 13 | 13 | 0 | 119 | 109 | 10 | 44 | 39 | 5 | 150 | 136 | 15 | 10,8% |
| Bjartahlíð | 25 | 23 | 2 | 270 | 255 | 15 | 66 | 49 | 17 | 312 | 282 | 30 | 10,7% |
| Austurborg | 20 | 20 | 0 | 213 | 206 | 7 | 54 | 38 | 16 | 247 | 224 | 23 | 10,3% |
| Reynisholt | 16 | 16 | 0 | 193 | 180 | 14 | 37 | 31 | 6 | 215 | 195 | 19 | 9,9% |
| Blásalir | 15 | 14 | 1 | 146 | 143 | 3 | 41 | 28 | 13 | 171 | 156 | 15 | 9,5% |
| Gullborg | 20 | 20 | 0 | 196 | 187 | 9 | 39 | 30 | 9 | 215 | 197 | 18 | 9,3% |
| Tjörn | 17 | 16 | 1 | 188 | 174 | 14 | 38 | 33 | 5 | 209 | 191 | 18 | 9,3% |
| Hlíð | 15 | 21 | -6 | 210 | 209 | 1 | 69 | 54 | 15 | 264 | 242 | 21 | 8,8% |
| Rauðhóll | 44 | 40 | 3 | 459 | 431 | 28 | 111 | 93 | 18 | 527 | 484 | 42 | 8,8% |
| Brekkuborg | 17 | 14 | 4 | 152 | 139 | 13 | 29 | 26 | 3 | 163 | 151 | 12 | 8,1% |
| Rauðaborg | 12 | 12 | 0 | 127 | 123 | 4 | 25 | 19 | 6 | 140 | 130 | 10 | 7,9% |
| Geislabaugur | 22 | 21 | 0 | 254 | 239 | 15 | 49 | 45 | 4 | 282 | 263 | 19 | 7,1% |
| Miðborg | 21 | 23 | -1 | 263 | 254 | 10 | 53 | 48 | 5 | 295 | 279 | 16 | 5,8% |
| Maríuborg | 19 | 19 | 1 | 181 | 173 | 8 | 35 | 34 | 1 | 196 | 188 | 8 | 4,4% |
| Heiðarborg | 19 | 13 | 5 | 159 | 156 | 3 | 40 | 29 | 10 | 180 | 172 | 8 | 4,4% |
| Rofaborg | 21 | 20 | 0 | 195 | 190 | 6 | 50 | 46 | 4 | 224 | 215 | 9 | 4,2% |
| Nes (Hamrar) | 18 | 17 | 1 | 163 | 166 | -3 | 53 | 42 | 11 | 198 | 190 | 8 | 4,1% |
| Bakkaborg | 24 | 20 | 3 | 246 | 254 | -7 | 64 | 44 | 20 | 287 | 278 | 9 | 3,2% |
| Laufskálar | 18 | 17 | 1 | 177 | 173 | 4 | 31 | 28 | 2 | 190 | 185 | 6 | 3,1% |
| Hof | 24 | 24 | 0 | 255 | 256 | -1 | 48 | 40 | 7 | 279 | 272 | 6 | 2,3% |
| Lyngheimar | 17 | 17 | 0 | 166 | 172 | -6 | 41 | 35 | 6 | 190 | 190 | 0 | -0,2% |
| Samtals | 1.154 | 1.100 | 55 | 12.613 | 11.242 | 1.371 | 3.302 | 2.671 | 631 | 14.761 | 12.814 | 1.947 | 15,2% |

## Frístunda- og félagsmiðstöðvastarf

| Frístundastarf | Tekjur | | | Laun | | | Annar kostnaður | | | Samtals | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | Raun (m.kr.) | Áætlun (m.kr.) | Frávik (m.kr.) | Raun (m.kr.) | Áætlun (m.kr.) | Frávik (m.kr.) | Raun (m.kr.) | Áætlun (m.kr.) | Frávik (m.kr.) | Raun (m.kr.) | Áætlun (m.kr.) | Frávik (m.kr.) | Frávik % | |
| Sértækar félagsmiðstöðvar | 9 | 17 | -8 | 195 | 319 | -124 | 54 | 37 | 17 | **239** | **339** | **-99** | **-29,4%** | **Afgangur** |
| Frístundamiðstöðvar | 658 | 481 | 177 | 3.318 | 3.217 | 102 | 556 | 503 | 53 | **3.217** | **3.239** | **-22** | **-0,7%** | **Afgangur** |
| Miðlægt og endurúthlutun | 3 | 13 | -10 | 8 | 31 | -23 | 62 | 119 | -57 | **67** | **136** | **-69** | **-51,0%** | **Afgangur** |
| **Samtals** | **670** | **512** | **158** | **3.521** | **3.566** | **-45** | **672** | **659** | **13** | **3.522** | **3.713** | **-191** | **-5,1%** | **Afgangur** |

Frístunda- og félagsmiðstöðvastarf stendur vel fjárhagslega þegar litið er til reksturs tímabilsins janúar – september. Tekjur voru 158 m.kr. umfram áætlun eða 30,9% sem kemur til vegna aukinna tekna frá öðrum sveitarfélögum. Í launakostnaði og öðrum rekstrarkostnaði eru lítil frávik.

## Skrifstofur SFS og miðlægir liðir

| Skrifstofur SFS | Tekjur | | | Laun | | | Annar kostnaður | | | Samtals | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | Raun (m.kr.) | Áætlun (m.kr.) | Frávik (m.kr.) | Raun (m.kr.) | Áætlun (m.kr.) | Frávik (m.kr.) | Raun (m.kr.) | Áætlun (m.kr.) | Frávik (m.kr.) | Raun (m.kr.) | Áætlun (m.kr.) | Frávik (m.kr.) | Frávik % | |
| Skrifstofur SFS | 63 | 24 | 39 | 857 | 872 | -16 | 205 | 159 | 46 | **999** | **1.007** | **-8** | **-0,8%** | **Afgangur** |
| Miðlægir liðir og styrkir | 4 | | 4 | 1 | 8 | -8 | 120 | 131 | -11 | **117** | **139** | **-23** | **-16,3%** | **Afgangur** |
| Skóla og frístundaráð | | | | 24 | 20 | 4 | | 4 | -4 | **24** | **24** | **0,1** | **0,4%** | **Halli** |
| **Samtals** | **67** | **24** | **42** | **882** | **901** | **-20** | **325** | **294** | **31** | **1.140** | **1.170** | **-31** | **-2,6%** | **Afgangur** |

Skrifstofur SFS voru reknar með litlu fráviki frá fjárheimildum eða 0,8% í rekstrarafgang. Á liðum sem falla undir miðlæga liði og styrki voru útgjöld 16,3% innan fjárheimilda eða 23 m.kr. Óverulegt frávik var á skóla- og frístundaráði eða 0,1 m.kr.

## Listaskólar

| Listaskólar ofl. | Tekjur | | | Laun | | | Annar kostnaður | | | Samtals | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | Raun (m.kr.) | Áætlun (m.kr.) | Frávik (m.kr.) | Raun (m.kr.) | Áætlun (m.kr.) | Frávik (m.kr.) | Raun (m.kr.) | Áætlun (m.kr.) | Frávik (m.kr.) | Raun (m.kr.) | Áætlun (m.kr.) | Frávik (m.kr.) | Frávik % | |
| Skólahljóms. og Tónl. Kj. | 13 | 12 | 2 | 267 | 268 | -1 | 19 | 13 | 7 | **273** | **269** | **4** | **1,5%** | **Halli** |
| Tónlistarskólar | | | | | | | 1.117 | 1.096 | 21 | **1.117** | **1.096** | **21** | **1,9%** | **Halli** |
| Myndl. framhalds. | 20 | 19 | 1 | 26 | 29 | -3 | 148 | 159 | -11 | **154** | **169** | **-15** | **-8,8%** | **Afgangur** |
| Endurúthlutun ofl | | | | 2 | | 2 | 12 | 47 | -35 | **14** | **47** | **-33** | **-70%** | **Afgangur** |
| **Samtals** | **34** | **31** | **3** | **296** | **297** | **-2** | **1.296** | **1.315** | **-18** | **1.558** | **1.581** | **-23** | **-1,4%** | **Afgangur** |

Listaskólar voru með afgang sem nemur 23 m.kr. eða 1,4%. Endurnýjaðir voru samningar við tónlistarskóla og má búast við að halli vegna þeirra verði um 30 m.kr. í lok árs. Helstu ástæður eru þær að fallist var á að ákveðið sólarlagsákvæði sem heimilaði nemendum, sem þegar höfðu hafið nám að ljúka því á tilskyldum tíma. Áður höfðu fjárheimildir tengdar þessu námi verið færðar af sviðinu þar sem gert var ráð fyrir að hægt væri að draga hraðar úr námskostnaði en raungerðist. Einnig á eftir að gera upp greiðslur til Myndlistarskóla, sem hafa tafist, að fjárhæð 13 m.kr. sem falla til á síðasta fjórðungi ársins.

## Fjármála- og áhættustýringarsvið vekur athygli á:

- Samtals var sviðið 2.818 m.kr. umfram fjárheimildir eða 5,5%.
- Laun og launatengd gjöld voru 1.541 m.kr. umfram fjárheimildir. Launafrávik voru mest í leikskólahlutanum eða um 1.283 m.kr. Kostnaður umfram fjárheimildir má að mestu rekja til fjarvista vegna veikinda sem kallaði á auka mönnun og fjölgun barna af erlendum uppruna. Grunnskólahlutinn var einnig með mikil frávik eða 325 m.kr. Þar má rekja frávik til langtímaveikinda sem voru 237 m.kr. umfram fjárheimildir og aukinnar þjónustuþyngdar og fjölgunar nemenda í Klettaskóla eða um 170 m.kr. umfram fjárheimildir.
- Hráefniskostnaður mötuneyta og aðkeyptur matur var 705 m.kr. umfram fjárheimildir.
- Á tímabilinu nam halli borgarrekinna grunnskóla um 933 m.kr. Í heildina voru 9 með afgang en aðrir með halla.
- Borgarreknir leikskólar voru 1.947 m.kr. yfir fjárheimildum eða 15,2%. Allir borgarreknir leikskólar voru með halla.
- Í ársbyrjun 2022 hefur sviðið með þátttöku FAS unnið að mótun reiknilíkans fyrir úthlutun fjárheimilda til leikskóla. Stefnt er að vinnu við líkanið ljúki á þessu ári.

### Ábendingar Fjármála- og áhættustýringarsviðs:

- Rekstrarniðurstaða sviðsins felur í sér veruleg frávik frá samþykktum fjárheimildum. Mikilvægt er að stjórnendur sviðsins haldi markvisst utan um reksturinn þannig að rekstur stofnana verði innan fjárheimilda. Vísað er í skyldur sviðstjóra sbr. ákvæði 3.4 í reglum um gerð og framkvæmd fjárhagsáætlunar hjá Reykjavíkurborg.
- Í borgarreknum grunnskólum að frátöldum sérskólum er raunkostnaður 689 m.kr. eða 2,7% umfram fjárheimildir, þar af námu óreglulegir liðir 215 m.kr. Sviðið glímir við mikil viðbótarútgjöld vegna barna af erlendum uppruna sem hefur ekki verið fjármagnaður af hálfu ríkisins. Mikilvægt er að ríkið fjármagni aðstoð við þessi börn. Þá er áríðandi að sviðið framfylgi leikreglum um viðbrögð við rekstrarfrávikum í borgarreknum grunnskólum.
- Í borgarreknum leikskólum er raunkostnaður 1.947 m.kr. eða 15,2% umfram fjárheimildir. Rekstur leikskóla hefur verið í verulegum halla frá hausti 2020. Það er afar mikilvægt að komið sé á jafnvægi í rekstri leikskóla og hraða innleiðingu á nýju leikskólalíkani.
- Ekki hefur tekist að fullmanna leikskóla borgarinnar sem leiðir til þess að rekstrarleyfi eru ekki fullnýtt. Mikilvægt er að við áætlun um uppbyggingu nýrra leikskólarýma taki mið af raunhæfu mati á mönnun leikskóla.

# 1.3 Umhverfis- og skipulagssvið




| Rekstur USKRK (m.kr.) | Raun 2023 | Áætlun 2023 | Frávik | % |
|---|---|---|---|---|
| Tekjur | 4.076 | 3.779 | 296 | 7,8% |
| Laun og launat. gj. | 2.862 | 2.779 | 83 | 3,0% |
| Annar rekstrark. | 9.760 | 9.017 | 743 | 8,2% |
| **Nettó útgjöld** | **8.546** | **8.016** | **530** | **6,6%** |

Myndin hér til hliðar sýnir niðurstöðu í rekstri umhverfis- og skipulagssviðs í Aðalsjóði fyrir tímabilið janúar - september 2023 í samanburði við fjárheimildir tímabilsins. Prósentuhlutföll í töflu lýsa fráviki frá raun niðurstöðu miðað við endurskoðaða áætlun (hér eftir nefnd áætlun). Allar tölur eru í milljónum króna.

**Nettó útgjöld sviðsins voru 8.546 m.kr.** eða 530 m.kr. umfram fjárheimildir tímabilsins eða um 6,6%.




## Þjónustuþættir USK

| Málaflokkar USK (m.kr.) | Tekjur | Áætlun 2023 | Frávik | Laun og launatengd gjöld | Áætlun 2023 | Frávik | Annar kostnaður | Áætlun 2023 | Frávik | Nettó útgjöld | Áætlun 2023 | Frávik | % |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Sviðstjóri og miðlægar skrifstofur | 203 | 199 | 3 | 556 | 554 | 2 | 503 | 525 | -22 | **856** | **879** | **-23** | **-2,6%** |
| Skrifstofa skipulagsfulltrúa | 147 | 59 | 88 | 196 | 187 | 9 | 42 | 100 | -58 | **92** | **229** | **-136** | **-59,9%** |
| Skrifstofa samgangna og borgarhönnunar | 1.145 | 1.024 | 121 | 336 | 370 | -34 | 461 | 436 | 25 | **-348** | **-217** | **-131** | **60,2%** |
| Skrifstofa byggingarfulltrúa | 82 | 117 | -35 | 201 | 203 | -2 | 12 | 24 | -12 | **132** | **110** | **21** | **19,5%** |
| Skrifstofa umhverfisgæða | 2.262 | 2.109 | 153 | 1.328 | 1.225 | 103 | 1.738 | 1.726 | 12 | **804** | **842** | **-38** | **-4,5%** |
| Skrifstofa heilbrigðiseftirlits | 112 | 124 | -12 | 244 | 239 | 5 | 23 | 17 | 6 | **155** | **131** | **23** | **17,7%** |
| Framkvæmdir og viðhald mannvirkja | 19 | 48 | -28 | 0 | 0 | 0 | 901 | 998 | -97 | **881** | **950** | **-69** | **-7,2%** |
| Rekstur og umhirða borgarlandsins | 106 | 100 | 6 | 0 | 0 | 0 | 6.080 | 5.191 | 889 | **5.974** | **5.091** | **883** | **17,3%** |
| **Samtals** | **4.076** | **3.779** | **296** | **2.862** | **2.779** | **83** | **9.760** | **9.017** | **743** | **8.546** | **8.016** | **530** | **6,6%** |

**Skrifstofa Skipulagsfulltrúa** var 136 m.kr. innan fjárheimilda tímabilsins. Frávikið má rekja til þess að tekjur voru 88 m.kr. hærri en áætlun, sem skýrist af skipulagsgjöldum frá ríkinu sem voru 89 m.kr. hærri en áætlun tímabilsins. Þá var annar rekstrarkostnaður 58 m.kr. innan fjárheimilda einkum vegna kaupa á sérfræðiþjónustu.

**Skrifstofa Samgangna og borgarhönnunar** var 131 m.kr. innan fjárheimilda tímabilsins, sem var einkum vegna Bílastæðasjóðs sem var 113 m.kr. innan fjárheimilda. Tekjur Bílastæðasjóðs voru 118 m.kr. yfir áætlun, laun og launatengd gjöld 34 m.kr. lægri en fjárheimildir, en á móti var annar rekstrarkostnaður 39 m.kr. umfram fjárheimildir tímabilsins.

**Framkvæmdir og viðhald mannvirkja** var 69 m.kr. innan fjárheimilda tímabilsins, en kostnaður er eingöngu vegna viðhalds gatna og opinna svæða. Gert er ráð fyrir að viðhald gatna og opinna svæða verði á áætlun í árslok.

**Rekstur og umhirða borgarlandsins** var 883 m.kr. umfram fjárheimildir tímabilsins, einkum vegna Reksturs gatna og opinna svæða sem var 846 m.kr. umfram fjárheimildir, sem skýrist mest af vetrarþjónustu sem var 657 m.kr. umfram fjárheimildir og tapi á rekstri hverfastöðva 220 m.kr. sem var fært á kostnaðarstaðinn U9040 Rekstur gatna og opinna svæða. Tapið má að mestu skýra vegna mikilla veikinda.

## Ábendingar Fjármála- og áhættustýringarsviðs:

- Vetrarþjónusta Reykjavíkurborgar var 657 m.kr. umfram fjárheimildir á tímabilinu vegna þess að síðasti vetur var afar snjóþungur. Hér er um afar mikinn kostnaðarauka að ræða umfram fjárheimildir. Unnin hefur verið greining á þjónustustigi og það kostnaðarmetið. Mikilvægt er að fylgst verði með árangri af umbótum.

## 1.4 Velferðarsvið




| Rekstur VEL (m.kr.) | Raun 2023 | Áætlun 2023 | Frávik | % |
|---|---|---|---|---|
| Tekjur | 5.604 | 4.911 | 693 | 14,1% |
| Laun og launat. gj. | 22.318 | 21.371 | 947 | 4,4% |
| Annar rekstrark. | 12.471 | 11.745 | 726 | 6,2% |
| **Nettó útgjöld** | **29.185** | **28.205** | **980** | **3,5%** |

Myndin hér til hliðar og taflan fyrir neðan sýnir niðurstöðu í rekstri velferðarsviðs fyrir tímabilið janúar - september 2023 án bundinna liða þ.e. fjárhagsaðstoðar og sérstaks húsnæðisstuðnings í samanburði við fjárheimildir tímabilsins. Prósentuhlutföll í töflu lýsa fráviki frá raun niðurstöðu miðað við endurskoðaða áætlun (hér eftir nefnd áætlun). Allar tölur eru í milljónum króna.

**Nettó útgjöld sviðsins í heild með bundnum liðum voru 32.558 m.kr.** sem var 625 m.kr. umfram fjárheimildir. Fjárhagsaðstoð var 2.285 m.kr. eða 11% innan fjárheimilda og sérstakur húsnæðisstuðningur var 1.089 m.kr. eða 6% innan fjárheimilda. Ríkið endurgreiðir sveitarfélögum veitta aðstoð vegna erlendra ríkisborgara í samræmi við 15. gr. laga nr. 40/1991 um félagsþjónustu sveitarfélaga, upphæðin fyrir tímabil janúar - júní var 1.085 m.kr. m.v. um 1.000 einstaklinga á mánuði. Unnið er að uppgjöri 3. ársfjórðungs.

**Reglubundinn rekstur sviðsins án bundinna liða var 29.185 m.kr.** sem var 980 m.kr. umfram fjárheimildir eða 3,47%. Frávik skýrist helst af þjónustu við börn og ungmenni með alvarlegar þroska- og geðraskanir 528 m.kr. búsetuþjónustu fyrir fatlað fólk og úrræði fyrir heimilislausa með miklar og flóknar þjónustuþarfir 214 m.kr. vistgreiðslum barnaverndar 275,5 m.kr. og stuðnings- og stoðþjónusta var 270 m.kr. umfram fjárheimildir.

**Tekjur** voru 693 m.kr. hærri en áætlun gerði ráð fyrir sem skýrist helst af frístundastyrk sem var færður milli ára og nam 127 m.kr. endurgreiðslu að fjárhæð 50 m.kr. vegna erlendra barna í samræmi við 15. gr. laga nr. 40/1991 um félagsþjónustu sveitarfélaga og af tekjum vegna þjónustu við íbúa frá öðrum sveitarfélögum sem voru 80 m.kr. hærri á tímabilinu en áætlað var fyrir. Frávik skýrist einnig af hærri daggjöldum til Droplaugarstaða sem nema 111,5 m.kr. og greiðslum frá ríkissjóði vegna öryggisþjónustu og rýmkunardóma samtals 36 m.kr.

**Laun og launatengd gjöld** voru 947 m.kr. umfram fjárheimildir eða 4,4%. Frávik skýrist meðal annars af miklu uppsöfnuðu orlofi og orlofsuppgjöri sem ekki var áætlað fyrir, samtals 319 m.kr. á tímabilinu. Frávik skýrist einnig af fjölþættum vanda í búsetu fatlaðs fólks, álagi í þyngstu kjörnum og veikindum starfsmanna en sífellt er unnið í lausnum. Meðalveikindahlutfall á velferðarsviði var 7,7% á tímabilinu og þar af 2,09% langtímaveikindi. Sem samsvarar um 183 stöðugildum á tímabilinu.

**Annar rekstrarkostnaður** var 726 m.kr. umfram fjárheimildir, sem skýrist að stærstum hluta af þjónustu við börn og ungmenni með alvarlegar þroska- og geðraskanir. Gjöld vegna vistunar barna með alvarlegar þroska- og geðraskanir voru á tímabilinu 1.920 m.kr. eða 528 m.kr. umfram fjárheimildir. Annars vegar er um að ræða vistanir á vegum miðstöðva vegna fatlaðra barna og ungmenna og hins vegar er um að ræða börn sem eru vistuð á vegum Barnaverndar Reykjavíkurborgar.

### Þjónustuþættir Velferðarsviðs

| Þjónustuþættir VEL (m.kr.) | Tekjur | Áætlun 2023 | Frávik | Laun og launat. gjöld | Áætlun 2023 | Frávik | Annar kostnaður | Áætlun 2023 | Frávik | Nettó útgjöld | Áætlun 2023 | Frávik | % |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Stjórnsýsla, sérfræðiþjónusta og ráðgjöf | 79 | 0 | 78 | 3.360 | 3.471 | -111 | 957 | 832 | 125 | 4.238 | 4.302 | -64 | -1% |
| Samningar, framlög og styrkir | 95 | 41 | 54 | 34 | 32 | 2 | 4.377 | 4.013 | 364 | 4.315 | 4.003 | 312 | 8% |
| Búsetuþjónusta | 178 | 67 | 112 | 9.244 | 8.870 | 374 | 965 | 1.013 | -48 | 10.031 | 9.816 | 214 | 2% |
| Félagsmiðstöðvar | 73 | 70 | 2 | 226 | 250 | -23 | 342 | 308 | 34 | 496 | 488 | 9 | 2% |
| Dagþjónusta | 144 | 144 | 0 | 607 | 511 | 96 | 77 | 178 | -101 | 540 | 546 | -6 | -1% |
| Heimastuðningur | 126 | 145 | -19 | 1.920 | 1.872 | 48 | 244 | 340 | -96 | 2.037 | 2.066 | -29 | -1% |
| Heimahjúkrun | 1.831 | 1.827 | 4 | 1.541 | 1.428 | 112 | 294 | 403 | -108 | 4 | 4 | 0 | 0% |
| Hjúkrunarheimili | 1.449 | 1.353 | 96 | 1.354 | 1.200 | 154 | 426 | 364 | 62 | 331 | 211 | 120 | 57% |
| Þjónustuíbúðir | 149 | 139 | 10 | 914 | 852 | 63 | 198 | 218 | -20 | 964 | 931 | 33 | 4% |
| Stuðnings- og stoðþjónusta | 1 | 0 | 1 | 1.774 | 1.759 | 15 | 906 | 650 | 256 | 2.680 | 2.410 | 270 | 11% |
| Framleiðslueldhús | 243 | 247 | -4 | 223 | 190 | 33 | 248 | 200 | 48 | 228 | 144 | 85 | 59% |
| Virkniverkefni | 25 | 19 | 7 | 111 | 97 | 14 | 31 | 44 | -13 | 117 | 123 | -6 | -5% |
| NPA | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 1.196 | 1.197 | -1 | 1.196 | 1.197 | -1 | 0% |
| Vistgreiðslur | 50 | 0 | 50 | 0 | 0 | 0 | 1.486 | 1.161 | 326 | 1.436 | 1.161 | 275 | 24% |
| Hælisleitendur og flóttamannaverkefni | 960 | 833 | 127 | 479 | 397 | 82 | 430 | 475 | -46 | -52 | 40 | -91 | -231% |
| Rafræn þjónusta | 21 | 0 | 21 | 230 | 198 | 32 | 27 | 53 | -26 | 236 | 250 | -15 | -6% |
| Önnur Verkefni | 178 | 25 | 154 | 301 | 244 | 57 | 265 | 294 | -29 | 388 | 514 | -126 | -25% |
| **Samtals** | **5.604** | **4.911** | **693** | **22.318** | **21.371** | **947** | **12.471** | **11.745** | **726** | **29.185** | **28.205** | **980** | **3,47%** |

## Helstu frávik

**Búsetuþjónusta** sviðsins, þ.e. búsetuþjónusta fyrir fatlað fólk og úrræði fyrir heimilislausa með miklar og flóknar þjónustuþarfir, voru 214 m.kr. umfram fjárheimildir eða 2%. Frávik skýrist af uppsöfnuðu orlofi og orlofsuppgjöri á tímabilinu samtals 127 m.kr. Frávik skýrist einnig af fjölþættum vanda í búsetu fatlaðs fólks, álagi í þyngstu kjörnum og veikindum starfsmanna en sífellt er unnið í lausnum.

**Samningar, framlög og styrkir** voru 313 m.kr. umfram fjárheimildir eða 8%. Frávik skýrist af stærstum hluta af þjónustu við börn og ungmenni með alvarlegar þroska- og geðraskanir eða 290 m.kr.

**Hjúkrunarheimili** voru 120 m.kr. umfram fjárheimildir eða 57%. Droplaugarstaðir voru 89,7 m.kr. umfram fjárheimildir eða 58%. Launaáætlun hefur ekki hækkað í takt við kjarasamningshækkanir og skýrir það um 98 m.kr. af launafrávikinu. Ennfremur eru greidd laun vegna veikindaafleysinga um 25 m.kr. en daggjöld standa ekki undir þeim kostnaði. Óska þarf eftir bætingu upp í þennan kostnað frá Sjúkratryggingum Íslands. Þar af hefði bæting vegna langtímaveikinda verið 14,7 m.kr. Frávik skýrist einnig af rekstri MND deildar en búið er að óska eftir endurskoðun daggjalda sem Sjúkratryggingar greiða. Um 50 m.kr. vantar á ársgrundvelli og rekstur deildarinnar er í skoðun hjá sviðinu og SÍ. Frávik skýrist einnig af bakreikningi vegna læknisþjónustu frá 2021 alls 3,3 m.kr. og almennum verðlagshækkunum. Seljahlíð var 30 m.kr. umfram fjárheimildir eða 55%. Ein helsta skýringin er sú að Seljahlíð er óhagstæð rekstrareining með aðeins 20 hjúkrunarrými.

**Þjónustuíbúðir** voru 33 m.kr. umfram fjárheimildir eða 4%. Frávik vegna orlofsuppgjörs var 10,2 m.kr. á tímabilinu.

**Unglingasmiðjur** voru 18,8 m.kr. umfram fjárheimildir eða 37%. Frávik skýrist af væntanlegum greiðslum frá Erasmus, samtals 23,7 m.kr.

**Framleiðslueldhúsið** var 84,6 m.kr. umfram fjárheimildir eða 59%. Frávik skýrist af 3% aukningu á tímabilinu í afgreiddum máltíðum sem leiðir til hækkun hráefniskostnaðar. Auk þess var byrjað að bjóða upp á grænmetisfæði og salatbar sem krefst meiri mönnunar. Frávik skýrist einnig af uppsöfnuðu orlofi í kjölfarið á covid-19 faraldrinum þegar manna þurfti vaktir og starfsfólk komst ekki í orlof. Verið er að vinda ofan af því með tímabundinni aukinni mönnun.

**Stuðnings- og stoðþjónusta, skammtímavistanir og stuðningsfjölskyldur** voru 270 m.kr. umfram fjárheimildir eða 11%. Þar af voru skammtímavistanir fyrir börn á vegum Barnaverndar 11,9 m.kr. umfram fjárheimildir og skammtímadvalir fyrir börn 37 m.kr. umfram fjárheimildir. Kostnaður við stuðningsfjölskyldur vegna barna í félagslegum vanda var 71 m.kr. umfram fjárheimildir eða 112% og stuðningsfjölskyldur vegna fatlaðra barna 33 m.kr. umfram fjárheimildir eða 26%. Stuðningsþjónusta í heild sinni var 26 m.kr. umfram fjárheimildir. Rekja má yfirfrávikin til lagabreytinga og reglubreytinga Reykjavíkurborgar í samræmi við *lög um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir nr. 38/2018* og *lög um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991.* Frávik vegna orlofsuppgjörs var 22,4 m.kr.

**Vistgreiðslur barnaverndar** voru í heild 275,5 m.kr. umfram fjárheimildir eða 24%. Frávik skýrist af vistun barna á grundvelli 84. gr. barnaverndarlaga þar sem börn með alvarlegar geð- og hegðunarraskanir eru vistuð utan heimilis. Einnig vegna barna í varanlegu fóstri og aukningu á fjölda fylgdarlausra barna sem koma til landsins. Meðferðaheimilum Barnaverndarstofu hefur verið lokað, einu af öðru á undanförnum áratugum en kostnaði vegna vistana velt yfir á sveitarfélögin.

## Málefni fatlaðs fólks

| Málefni fatlaðs fólks (m.kr.) | Raun 2023 | Áætlun 2023 | Frávik | % |
|---|---|---|---|---|
| Tekjur | 163 | 67 | 96 | 142,60% |
| Laun og launat. gj. | 10.159 | 9.727 | 432 | 4,40% |
| Annar rekstrark. | 5.383 | 5.058 | 326 | 6,40% |
| **Nettó útgjöld** | **15.380** | **14.718** | **662** | **4,50%** |

Nettó útgjöld velferðarsviðs Reykjavíkurborgar í málefnum fatlaðs fólks voru 15.380 m.kr. sem var 662 m.kr. umfram fjárheimildir eða 4,5%. Tekjur voru 163 m.kr. eða um 96 m.kr. hærri en áætlun gerði ráð fyrir. Frávik skýrist af greiðslum frá félags- og vinnumarkaðsráðuneytinu vegna samninga um öryggisþjónustu. Laun og launatengd gjöld voru 10.159 m.kr. eða 432 m.kr. umfram fjárheimildir eða 4,4% sem skýrist helst af miklu uppsöfnuðu orlofi sem starfsfólk tók út á fyrsta ársfjórðungi og orlofsuppgjöri. Annar rekstrarkostnaður var 5.383 m.kr. sem var 326 m.kr. eða 6,4% umfram fjárheimildir. Frávik skýrist helst af vistun barna með alvarlegar þroska- og geðraskanir 289,6 m.kr. umfram fjárheimildir á tímabilinu.

## Fjármála- og áhættustýringarsvið vekur athygli á:

- Rekstrarniðurstaða Velferðarsviðs án bundinna liða var 980 m.kr. umfram fjárheimildir eða 3,5% sem skýrist einkum af þjónustu við börn og ungmenni með alvarlegar þroska- og geðraskanir, búsetuþjónustu fyrir fatlað fólk, úrræði fyrir heimilislausa með miklar og flóknar þjónustuþarfir, vistgreiðslum barnaverndar og stuðnings- og stoðþjónustu.
- Tekjur voru 693 m.kr. hærri en áætlun sem rekja má að mestu til frístundastyrks sem færður var á milli ára, hærri daggjalda til Droplaugarstaða og endurgreiðslum frá ríkinu.

- Laun og launatengd gjöld voru 947 m.kr. umfram fjárheimildir sem rekja má að hluta til afleysinga vegna orlofstöku starfsfólks. Einnig af fjölþættum vanda í búsetu fatlaðs fólks og veikindum starfsmanna.
- Annar rekstrarkostnaður var um 726 m.kr. sem skýrist einkum af þjónustu við börn og ungmenni með alvarlegar þroska- og geðraskanir.
- Útgjöld vegna búsetuþjónustu voru 214 m.kr. umfram fjárheimildir eða 2%, Frávik skýrist af uppsöfnuðu orlofi og orlofsuppgjöri á tímabilinu. Frávik skýrist einnig af fjölþættum vanda í búsetu fatlaðs fólks, álagi í þyngstu kjörnum og veikindum starfsmanna en sífellt er unnið í lausnum.

## Ábendingar Fjármála- og áhættustýringarsviðs:

- Stuðnings- og stoðþjónusta var 270 m.kr. umfram fjárheimildir eða 11%. Útgjöld hafa farið vaxandi á síðustu árum ekki síst í ljósi innleiðingu laga nr. 38/2018. Framúrkeyrslan á tímabilinu er vísbending um að útgjöld séu að þróast með óhagstæðum hætti. Mikilvægt er að reglur Reykjavíkurborgar rammi inn stefnu borgarinnar og viðeigandi þjónustustig þannig að þjónustan rúmist innan fjárheimilda.

- Útgjöld vegna barna með alvarlegar geð- og hegðunarraskanir voru 528 m.kr. umfram fjárheimildir, útgjöld vegna barnaverndar voru 275,5 m.kr. Kostnaður hefur aukist afar mikið á síðustu árum. Þá hefur meðferðarheimilum Barnaverndarstofu hefur verið lokað, einu af öðru á undarnförnum áratugum en kostnaði vegna vistana velt yfir á sveitarfélögin. Hér er um mjög alvarlega stöðu að ræða þar sem útgjöld hafa hækkað mikið á síðustu árum. Þörf er á frekari stefnumörkun um hvernig tekist er á við þennan vanda, kostnaðarskiptingu á milli ríkis og sveitarfélaga og markvissum áætlunum til úrbóta.

## 1.4.1 Velferðarsvið – bundnir liðir

| Bundnir liðir VEL (m.kr.) | Raun 2023 | Áætlun 2023 | Frávik | % |
|---|---|---|---|---|
| Tekjur | 1.086 | 711 | 375 | 52,7% |
| Gjöld | 4.460 | 4.440 | 20 | 0,4% |
| **Nettó útgjöld** | **3.374** | **3.729** | **-355** | **-9,5%** |

| Fjárhagsaðst. (m.kr.) | Raun 2023 | Áætlun 2023 | Frávik | % |
|---|---|---|---|---|
| Framfærslustyrkur | 2.518 | 2.437 | 80 | 3,3% |
| Áætlaðar tekjur v. endurgreiðslu 15 gr. | -1.086 | -711 | -375 | 52,7% |
| Heimildargreiðslur fjárhagsaðstoðar | 499 | 570 | -70 | -12,4% |
| Heimildargreiðslur - Átaksverkefni | 310 | 174 | 136 | 77,8% |
| Heim.gr. 16.gr. A aðstoð v/barna | 33 | 105 | -71 | -68,2% |
| **Nettó útgjöld** | **2.274** | **2.575** | **-300** | **-11,7%** |

| Notendur fjárhagsaðstoðar (fjöldi) | Fjöldi jan-sep 2023 | Fjöldi jan-sep 2022 | Br. milli ára | % |
|---|---|---|---|---|
| Fjárhagsaðstoð alls | 3.895 | 3.722 | 173 | 4,6% |
| Fjárhagsaðstoð 6 mán eða lengur | 864 | 832 | 32 | 3,8% |
| Framfærslustyrkur | 2.874 | 2.762 | 112 | 4,1% |
| Heimildagreiðslur fjárhagsaðstoðar | 2.380 | 2.472 | -92 | -3,7% |

Taflan hér til hliðar sýnir niðurstöðu á bundnum liðum velferðarsviðs, þ.e. prósentuhlutföll í töflu lýsa fráviki frá raun niðurstöðu m.v. áætlun. Allar tölur eru í milljónum króna.

**Gjöld bundinna liða voru 4.460 m.kr.** sem var 20 m.kr. eða 0,4% umfram fjárheimildir. Nettó gjöld vegna fjárhagsaðstoðar námu 2.274 m.kr. og nettó gjöld vegna sérstaks húsnæðisstuðnings námu 1.089 m.kr. Áætluð endurgreiðsla frá ríkinu vegna 15. gr. laga um félagsþjónustu er metin fyrir tímabilið janúar – júní 2023 1.086 m.kr. Niðurstaða bundinna liða er því metin 355 m.kr. innan fjárheimilda eða 9,5%.

**Fjárhagsaðstoð:** Gjöld vegna fjárhagsaðstoðar voru 3.360 m.kr. á árinu sem var 75 m.kr. umfram fjárheimildir eða 2,3%. Ríkið endurgreiðir sveitarfélögum veitta aðstoð vegna erlendra ríkisborgara í samræmi við 15. gr. laga nr. 40/1991 um félagsþjónustu sveitarfélaga. Upphæðin fyrir tímabilið janúar - september er metin 1.086 m.kr. Með tilliti til áætlaðrar endurgreiðslu eru gjöld vegna fjárhagsaðstoðar 2.274 m.kr. sem er 300 m.kr. innan fjárheimilda eða 11,7%.




**Framfærslustyrkur** nam 2.518 m.kr. sem var 80 m.kr. eða 3,3% umfram fjárheimildir. Notendum hefur fjölgað um 112 frá því á sama tímabili í fyrra eða um 4,1% og eru nú 2.874 einstaklingar sem hafa fengið framfærslustyrk á tímabilinu janúar til september 2023. Fjöldi notenda sýnir uppsafnaðan fjölda notenda á tímabilinu samanborið við sama tímabil í fyrra en línuritið sýnir fjölda í hverjum mánuði.

**Heimildargreiðslur** voru með samtals gjöld 843 m.kr. Heimildargreiðslur fjárhagsaðstoðar voru 499 m.kr. sem var 70 m.kr. innan fjárheimilda eða 12,4%. Heimildargreiðslur vegna átaksverkefna námu 310 m.kr. og voru 136 m.kr. umfram fjárheimildir eða 77,8%. Launakostnaður og rekstur vegna atvinnu og virknimiðlunar greiðist af átaksverkefnum og skýrir hvers vegna kostnaður fer umfram fjárheimildir. Einnig var millifærður kostnaður vegna starfsþjálfunarsamninga einstaklinga. Kostnaður tengdur rekstri Virknihúss og starfsþjálfunarsamningum nemur 77,6 m.kr. Án kostnaðar vegna atvinnu og virknimiðlunar er heildarkostnaður vegna átaksverkefna 174,3 m.kr. sem er á pari við fjárheimildir.

Heimildargreiðslur 16. gr. reglna Reykjavíkurborgar um fjárhagsaðstoð vegna aðstoðar til barna voru innan fjárheimilda um 33 m.kr. eða 68,2% innan fjárheimilda. Heimildargreiðslur í heild voru því 6 m.kr. innan fjárheimilda. Heimildargreiðslum til notenda á fjárhagsaðstoð hefur fjölgað ásamt fjölda notenda með framfærslustyrk. Fjölgun flóttamanna skýrir aukningu notenda á fjárhagsaðstoð og fjölgun heimildagreiðslna á milli tímabila. Fjöldi þeirra sem fengu heimildargreiðslur í janúar til september 2023 voru 2380 sem er fækkun um 92 notendur eða -3,7% miðað við sama tímabil árið 2022.

Grunnfjárhæð fjárhagsaðstoðar til framfærslu var hækkuð um 5%. Reglurnar tóku gildi frá og með 1. júlí 2023. Áætlað var að aukin gjöld við breytinguna nemi um 90 m.kr. fyrir tímabilið júlí – desember 2023 eða 45 m.kr. fyrir tímabilið júlí – september 2023.

**Sérstakur húsnæðisstuðningur:** Gjöld voru 1.089 m.kr. sem var 65 m.kr. eða 5,6% innan fjárheimilda.

| Sérstakur húsnæðisstuðningur | Raun 2023 | Áætlun 2023 | Frávik | % |
|---|---|---|---|---|
| Sérstakur húsnæðisstuðningur | 473 | 522 | -49 | -9,4% |
| Sérstakur húsnæðist. félagsl. húsn. | 616 | 632 | -16 | -2,6% |
| **Nettó útgjöld** | **1.089** | **1.154** | **-65** | **-5,6%** |

| Notendur sérstaks húsnæðisst. (fjöldi) | Fjöldi jan-sep 2023 | Fjöldi jan-sep 2023 | Br. milli ára | % |
|---|---|---|---|---|
| Sérstakur húsnæðisstuðningur | 2.155 | 2.070 | 85 | 4,1% |
| Sérstakur húsnæðist. félagsl. húsn. | 2.094 | 2.042 | 52 | 2,5% |

**Sérstakur húsnæðisstuðningur fyrir leigjendur á almennum leigumarkaði** var 473 m.kr. eða 49 m.kr. innan fjárheimilda. Notendum fjölgaði um 85 frá sama tímabili og í fyrra. Taflan sýnir uppsafnaðan fjölda á tímabilinu samanborið við uppsafnaðan fjölda á sama tímabili í fyrra. Línuritið sýnir fjölda notenda í hverjum mánuði.

**Sérstakur húsnæðisstuðningur fyrir leigjendur í félagslegu húsnæði** var 616 m.kr. eða 16 m.kr. innan fjárheimilda. Notendum með sérstakan húsnæðisstuðning í félagslegu húsnæði fækkaði um 52 frá sama tímabili 2022.

Tekjumörk voru hækkuð um 7,4% í samræmi við lög um húsnæðisbætur. Reglurnar tóku gildi frá og með 1. janúar 2023. Afturvirk leiðrétting vegna fyrstu þriggja mánaða ársins sem greidd var í apríl nam 34,9 m.kr. eða um 11,6 m.kr. hækkun gjalda á mánuði. Tekjumörk sérstaks húsnæðisstuðnings voru hækkuð um 2,5% til viðbótar í samræmi við hækkun tekjumarka ríkisins í lögum um húsnæðisbætur. Seinni hækkunin tók einnig gildi frá 1. janúar 2023 og nemur því heildarhækkun tekjumarka á árinu 2023 9,9%. Afturvirk leiðrétting á tekjumörkum var framkvæmd í júlí 2023.




*Afturvirk leiðrétting tekjumarka framkvæmd.

## Fjármála- og áhættustýringarsvið vekur athygli á:

- Bundnir liðir voru 355 m.kr. innan fjárheimilda eða 9,5%. Þar af var fjárhagsaðstoð 300 m.kr. eða 11,7% innan fjárheimilda og sérstakur húsnæðisstuðningur var 65 m.kr. eða 5,6% innan fjárheimilda.
- Langtíma notendum fjárhagsaðstoðar hefur farið fækkandi á árinu sem er jákvæð þróun.

## 1.5 Skrifstofur miðlægrar stjórnsýslu




Myndin hér til hliðar sýnir niðurstöðu í rekstri hjá skrifstofum miðlægrar stjórnsýslu fyrir tímabilið janúar – september 2023 í samanburði við fjárheimildir (endurskoðaða áætlun) tímabilsins. Prósentuhlutföll í töflu lýsa fráviki frá raun niðurstöðu miðað við endurskoðaða áætlun (hér eftir nefnd áætlun). Allar tölur eru í milljónum króna.

**Nettó útgjöld** voru 1.586 m.kr. eða 12 m.kr. innan fjárheimilda.




| Rekstur RHS (m.kr.) | Raun 2023 | Áætlun 2023 | Frávik | % |
|---|---|---|---|---|
| Tekjur | 57 | 94 | -37 | -39,3% |
| Laun og launat. gj. | 1.296 | 1.279 | 17 | 1,3% |
| Annar rekstrark. | 334 | 400 | -66 | -16,6% |
| **Nettó útgjöld** | **1.573** | **1.586** | **-12** | **-0,8%** |

**Tekjur** voru 57 m.kr. eða 37 m.kr. undir áætlun. Eftir er að skrifa reikninga hjá innri endurskoðun og ráðgjöf 18 m.kr. og styrkir vegna styrkja frá EU eru undir áætlun 11 m.kr.

**Laun og launatengd gjöld** voru 1.296 m.kr. eða 17 m.kr. umfram fjárheimildir. Laun borgarstjórnar voru 45 m.kr. umfram fjárheimildir. Íbúaráð var 5 m.kr. umfram fjárheimildir. Aðrir kostnaðarstaðir voru innan fjárheimilda.

**Annar rekstrarkostnaður** var 334 m.kr. sem var 66 m.kr. innan fjárheimilda vegna þess að ýmis verkefni fara seinna af stað en áætlað var.

### Skrifstofur miðlægrar stjórnsýslu

| Málaflokkar RHS (m.kr.) | Tekjur | Áætlun 2023 | Frávik | Laun og launatengd gjöld | Áætlun 2023 | Frávik | Annar kostnaður | Áætlun 2023 | Frávik | Nettó útgjöld | Áætlun 2023 | Frávik | % |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Borgarlögmaður | 0 | 1 | 0 | 108 | 116 | -8 | 7 | 17 | -10 | **115** | **132** | **-18** | **-13,3%** |
| Innri endurskoðun | 9 | 27 | -18 | 159 | 169 | -10 | 39 | 27 | 12 | **188** | **169** | **20** | **11,8%** |
| Mannréttindaskrifstofa | 0 | 3 | -2 | 215 | 216 | -1 | 27 | 56 | -29 | **241** | **270** | **-28** | **-10,5%** |
| Skrifst.borgarstjóra og borgarritara | 47 | 64 | -17 | 378 | 381 | -3 | 202 | 213 | -11 | **532** | **529** | **3** | **0,6%** |
| Skrifstofa borgarstjórnar | 0 | 0 | 0 | 437 | 397 | 39 | 60 | 88 | -29 | **497** | **486** | **11** | **2,2%** |
| **Samtals** | **57** | **94** | **-37** | **1.296** | **1.279** | **17** | **334** | **400** | **-66** | **1.573** | **1.586** | **-12** | **-0,8%** |

**Borgarlögmaður** var 18 m.kr. innan fjárheimilda.

**Innri endurskoðun** var 20 m.kr. umfram fjárheimilda. Eftir er að gera reikninga fyrir 18 .m.kr.

**Mannréttindaskrifstofa** var 28 m.kr. innan fjárheimilda vegna þess að ekki náðist að vinna öll verkefni sem voru áætluð.

**Skrifstofa borgarstjórnar** var 11 m.kr. umfram fjárheimildir vegna hærri launakostnaðar hjá borgarfulltrúum.

## 1.6 Sameiginlegur kostnaður




Myndin hér til hliðar sýnir niðurstöðu á sameiginlegum kostnaði fyrir tímabilið janúar - september 2023 í samanburði við fjárheimildir tímabilsins. Prósentuhlutföll í töflu lýsa fráviki frá raun niðurstöðu miðað við endurskoðaða áætlun (hér eftir nefnd áætlun). Allar tölur eru í milljónum króna.

**Nettó útgjöld voru 5.580 m.kr.** en áætlun gerði ráð fyrir 4.588 m.kr. sem var 991 m.kr. umfram fjárheimildir tímabilsins.




| Rekstur ÖNN (m.kr.) | Raun 2023 | Áætlun 2023 | Frávik | % |
|---|---|---|---|---|
| Tekjur | 1 | 0 | 0 | 50,0% |
| Laun og launat. gj. | 342 | 3 | 339 | 12023,3% |
| Breyting lífeyriskb. | 2.625 | 1.125 | 1.500 | 133,3% |
| Annar rekstark. | 2.613 | 3.461 | -848 | -24,5% |
| **Nettó útgjöld** | **5.580** | **4.588** | **991** | **21,6%** |

**Tekjur** voru samkvæmt áætlun.

**Laun** hjá sameiginlegum kostnaði voru 339 m.kr. umfram fjárheimildir vegna ófyrirséðs.




**Gjaldfærsla lífeyrisskuldbindingar v. LsRB** nam 2.625 m.kr. sem var 1.500 m.kr. yfir áætlun vegna þess að laun hækka meira en áætlað var en á móti hefur hærri verðbólga verið meiri en áætlað var.

**Annar kostnaður** nam 2.613 m.kr. hjá sameiginlegum kostnaði sem var 848 m.kr. innan fjárheimilda. Styrkir og ýmis framlög voru 63 m.kr. innan fjárheimilda. Annar kostnaður vegna atvinnumála var 9 m.kr. innan fjárheimilda. Rekstur miðlægs tölvukerfis var 17 m.kr. umfram fjárheimildir, Innheimtukostnaður skatttekna var 30 m.kr. umfram fjárheimildir. Starfsmannakostnaður var 107 m.kr. umfram fjárheimildir þar af slysabætur sem voru 107 m.kr. umfram fjárheimildir. Kosningar voru samkvæmt áætlun. Ýmis kostnaður var 930 m.kr. innan fjárheimilda þar af ófyrirséð 931 m.kr. innan fjárheimilda.

## Málaflokkar hjá sameiginlegum kostnaði

| Málaflokkar ÖNN (m.kr.) | Tekjur | Áætlun 2023 | Frávik | Laun og launatengd gjöld | Áætlun 2023 | Frávik | Annar kosntaður | Áætlun 2023 | Frávik | Nettó útgjöld | Áætlun 2023 | Frávik | % |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Styrkir og ýmis framlög | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 480 | 543 | -63 | **480** | **543** | **-63** | **-11,6%** |
| Atvinnumál | 0 | 0 | 0 | 12 | 40 | -27 | 2 | 11 | -9 | **14** | **51** | **-37** | **-72,2%** |
| Rekstur miðlægra tölvukerfa | 0 | 0 | 0 | 9 | 11 | -1 | 111 | 94 | 17 | **121** | **105** | **16** | **15,1%** |
| Innheimtukostnaður skattekna | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 480 | 450 | 30 | **480** | **450** | **30** | **6,7%** |
| Starfsmannakostnaður | 0 | 0 | 0 | 13 | 13 | 0 | 219 | 113 | 107 | **232** | **125** | **107** | **85,5%** |
| Kosningar | 0 | 0 | 0 | 0 | 2 | -2 | 0 | 0 | 0 | **0** | **2** | **-1** | **-91,8%** |
| Ýmis kostnaður | 1 | 0 | 0 | 19 | -351 | 370 | 1.320 | 2.250 | -930 | **1.339** | **1.899** | **-560** | **-29,5%** |
| Aðgerðaáætlun | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | **0** | **0** | **0** | |
| Gjaldfærsla vegna Brúar lsj. | | | 0 | 289 | 289 | 0 | | | 0 | **289** | **289** | **0** | **0,0%** |
| Breyting á lífeyrisskuldbindingu LsRb | | | 0 | 2.625 | 1.125 | 1.500 | | | 0 | **2.625** | **1.125** | **1.500** | **133,3%** |
| **Samtals** | **1** | **0** | **0** | **2.967** | **1.128** | **1.839** | **2.613** | **3.461** | **-848** | **5.580** | **4.588** | **991** | **21,6%** |

**Styrkir og ýmis framlög** voru 63 m.kr. innan fjárheimilda. Þar af var afsláttur fasteignagjalda til elli- og örorkulífeyrisþega 12 m.kr. innan fjárheimilda.

**Atvinnumál** voru 37 m.kr. innan fjárheimilda.

**Rekstur miðlægra tölvukerfa** var 16 m.kr. umfram fjárheimilda.

**Innheimtukostnaður skatttekna** var 30 m.kr. umfram fjárheimilda.

**Starfsmannakostnaður** var 107 m.kr. umfram fjárheimilda vegna slysabóta.

**Ýmis kostnaður** var 560 m.kr. innan fjárheimilda þar af var ófyrirséð 563 m.kr. innan fjárheimilda.

**Breyting á lífeyrisskuldbindingum** var 1.500 m.kr. umfram fjárheimilda vegna þess að laun og verðlag hækka meira en áætlað var.

## 1.7 Fjármála- og áhættustýringarsvið




Myndin hér til hliðar sýnir niðurstöðu í rekstri hjá fjármála- og áhættustýringarsviði fyrir tímabilið janúar - september 2023 í samanburði við fjárheimildir tímabilsins. Prósentuhlutföll í töflu lýsa fráviki frá raun niðurstöðu miðað við endurskoðaða áætlun (hér eftir nefnd áætlun). Allar tölur eru í milljónum króna.

**Nettó útgjöld voru 1.107 m.kr.** eða 54 m.kr. innan fjárheimilda.




| Rekstur FAS (m.kr.) | Raun 2023 | Áætlun 2023 | Frávik | % |
|---|---|---|---|---|
| Tekjur | 27 | 39 | -12 | -30,3% |
| Laun og launat. gj. | 949 | 1.001 | -52 | -5,2% |
| Annar rekstrark. | 185 | 199 | -14 | -6,9% |
| **Nettó útgjöld** | **1.107** | **1.160** | **-54** | **-4,6%** |

**Tekjur** voru 27 m.kr. eða 12 m.kr. undir áætlun aðallega vegna færri reikninga vegna umsýsluþóknunar.

**Laun og launatengd gjöld** voru 949 m.kr. eða 52 m.kr. innan fjárheimilda.

**Annar rekstrarkostnaður** var 185 m.kr. sem var 14 m.kr. innan fjárheimilda.

### Fjármála- og áhættustýringasvið

| Málaflokkar FAS (m.kr.) | Tekjur | Áætlun 2023 | Frávik | Laun og launatengd gjöld | Áætlun 2023 | Frávik | Annar kostnaður | Áætlun 2023 | Frávik | Nettó útgjöld | Áætlun 2023 | Frávik | % |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Áætlana og uppgjörsskrifstofa | 0 | 0 | 0 | 89 | 103 | -15 | 5 | 4 | 1 | **93** | **107** | **-14** | **-13,0%** |
| Bókhaldsskrifstofa | 1 | 0 | 1 | 202 | 205 | -2 | 43 | 39 | 4 | **244** | **243** | **0** | **0,1%** |
| Fjárstýringar- og innheimtuskrifstofa | 1 | 1 | 0 | 79 | 87 | -8 | 15 | 17 | -3 | **93** | **103** | **-11** | **-10,3%** |
| Innkaupaskrifstofa | 24 | 38 | -14 | 99 | 99 | 0 | 62 | 66 | -3 | **137** | **126** | **11** | **8,8%** |
| Launaskrifstofa | 0 | 0 | 0 | 255 | 255 | 0 | 41 | 41 | 0 | **296** | **295** | **1** | **0,2%** |
| Skrifstofa áhættustýringar | 0 | 0 | 0 | 45 | 55 | -10 | 5 | 5 | 0 | **50** | **60** | **-10** | **-17,1%** |
| Skrifstofa sviðstjóra FAS | 1 | 0 | 1 | 180 | 198 | -18 | 15 | 27 | -12 | **194** | **225** | **-31** | **-13,6%** |
| **Samtals** | **27** | **39** | **-12** | **949** | **1.001** | **-52** | **185** | **199** | **-14** | **1.107** | **1.160** | **-54** | **-4,6%** |

**Áætlana og uppgjörsskrifstofa** var 14 m.kr. innan fjárheimilda.

**Fjárstýringar- og innheimtuskrifstofa** var 11 m.kr. innan fjárheimilda.

**Innkaupaskrifstofa** var 11 m.kr. umfram fjárheimilda vegna lægri tekna.

**Skrifstofa áhættustýringar** var 10 m.kr. innan fjárheimilda.

**Skrifstofa sviðstjóra FAS** var 31 m.kr. innan fjárheimilda.

# 1.8 Mannauðs- og starfsþróunarsvið




Myndin hér til hliðar sýnir niðurstöðu í rekstri hjá mannauðs- og starfsþróunarsviði fyrir tímabilið janúar – september 2023 í samanburði við fjárheimildir tímabilsins. Prósentuhlutföll í töflu lýsa fráviki frá raun niðurstöðu miðað við endurskoðaða áætlun (hér eftir nefnd áætlun). Allar tölur eru í milljónum króna.

**Nettó útgjöld voru 290 m.kr.** eða 9 m.kr. innan fjárheimilda.




| Rekstur MOS (m.kr.) | Raun 2023 | Áætlun 2023 | Frávik | % |
|---|---|---|---|---|
| Tekjur | 20 | 3 | 17 | 553,4% |
| Laun og launat. gj. | 227 | 230 | -3 | -1,4% |
| Annar rekstrark. | 83 | 72 | 10 | 14,5% |
| **Nettó útgjöld** | **290** | **299** | **-9** | **-3,1%** |

**Tekjur** voru 20 m.kr. eða 17 m.kr. yfir áætlun vegna styrkja frá stéttafélögum t.d. vegna íslenskukennslu.

**Laun og launatengd gjöld** voru 227 m.kr. eða 3 m.kr. innan fjárheimilda.

**Annar rekstrarkostnaður** var 83 m.kr. eða 10 m.kr. umfram fjárheimildir vegna UTR kostnaðar.

## Mannauðs- og starfsþróunarsvið

| Þjónustuþættir MOS (m.kr.) | Tekjur | Áætlun 2023 | Frávik | Laun og launatengd gjöld | Áætlun 2023 | Frávik | Annar kostnaður | Áætlun 2023 | Frávik | Nettó útgjöld | Áætlun 2023 | Frávik | % |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Skristofa kjaramála | 0 | 0 | 0 | 58 | 57 | 1 | 1 | 2 | -1 | **59** | **60** | **0** | **-0,8%** |
| Skrifstofa ráðninga og mönnunar | 0 | 0 | 0 | 35 | 36 | -1 | 2 | 0 | 2 | **38** | **36** | **1** | **4,1%** |
| Skrifstofa sviðstjóra MOS | 20 | 3 | 17 | 68 | 68 | -1 | 62 | 44 | 18 | **110** | **109** | **1** | **1,1%** |
| Skrifstofa starfsþróunar og starfsumhverfis | 0 | 0 | 0 | 54 | 57 | -4 | 0 | 0 | 0 | **54** | **57** | **-3** | **-6,0%** |
| Verkefnastofa starfsmats | 0 | 0 | 0 | 12 | 10 | 1 | 17 | 26 | -9 | **29** | **37** | **-8** | **-22,0%** |
| **Samtals** | **20** | **3** | **17** | **227** | **230** | **-3** | **83** | **72** | **10** | **290** | **299** | **-9** | **-3,1%** |

**Verkefnastofa starfsmats** var 8 m.kr. innan fjárheimilda.

## 1.9 Þjónustu- og nýsköpunarsvið




Myndin hér til hliðar sýnir niðurstöðu í rekstri hjá þjónustu- og nýsköpunarsviði fyrir tímabilið janúar – september 2023 í samanburði við fjárheimildir tímabilsins. Prósentuhlutföll í töflu lýsa fráviki frá raun niðurstöðu miðað við endurskoðaða áætlun (hér eftir nefnd áætlun). Allar tölur eru í milljónum króna.

**Nettó útgjöld voru 3.090 m.kr.** eða 109 m.kr. umfram fjárheimildir eða sem nam 3,7%.




| Rekstur ÞON (m.kr.) | Raun 2023 | Áætlun 2023 | Frávik | % |
|---|---|---|---|---|
| Tekjur | 1.444 | 1.331 | 113 | 8% |
| Laun og launat. gj. | 1.069 | 1.014 | 55 | 5% |
| Annar rekstrark. | 3.465 | 3.298 | 167 | 5% |
| **Nettó útgjöld** | **3.090** | **2.981** | **109** | **3,7%** |

**Tekjur** námu 1.444 m.kr. eða 113 m.kr. yfir áætlun. Tekjur upplýsingatækniþjónustu voru 85 m.kr. hærri en áætlað var vegna aukinnar þjónustu við önnur fagsvið. Aðrar tekjur voru samtals 28 m.kr. hærri en áætlun gerði ráð fyrir.

**Laun og launatengd gjöld** námu samtals 1.069 m.kr. eða 55 m.kr. umfram fjárheimildir tímabilsins.

**Annar rekstrarkostnaður** nam samtals 3.465 m.kr. sem var 167 m.kr. umfram fjárheimildir tímabilsins.

**Fjárfesting í Eignasjóði** nam samtals 2.407 m.kr. en áætlun tímabilsins gerði ráð fyrir fjárfestingum að fjárhæð 2.333 m.kr.

| Málaflokkar ÞON (m.kr.) | Tekjur | Áætlun 2023 | Frávik | Laun og launatengd gjöld | Áætlun 2023 | Frávik | Annar kostnaður | Áætlun 2023 | Frávik | Nettó útgjöld | Áætlun 2023 | Frávik | % |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Borgarskjalasafn | 5 | 1 | 4 | 91 | 81 | 10 | 69 | 59 | 10 | **155** | **139** | **16** | **11,4%** |
| Gagnaþjónusta | 0 | 0 | 0 | 40 | 37 | 3 | 7 | 18 | -11 | **47** | **55** | **-8** | **-14,6%** |
| Upplýsinga- og skjalastýring | 14 | 14 | 0 | 70 | 76 | -6 | 46 | 70 | -24 | **103** | **132** | **-30** | **-22,4%** |
| Rekstrarþjónusta | 62 | 62 | 0 | 60 | 68 | -8 | 388 | 351 | 37 | **386** | **358** | **28** | **0,0%** |
| Stafræn Reykjavík | 0 | 0 | 0 | 130 | 88 | 42 | 84 | 142 | -58 | **214** | **230** | **-15** | **-6,7%** |
| Skrifstofa sviðsstjóra ÞON | 23 | 6 | 17 | 70 | 104 | -33 | 62 | 76 | -14 | **110** | **174** | **-64** | **-36,8%** |
| Stafrænt ráð | 0 | 0 | 0 | 12 | 0 | 12 | 0 | 0 | 0 | **12** | **0** | **12** | **n/a** |
| Upplýsingatækniþjónusta | 1.245 | 1.161 | 85 | 351 | 322 | 29 | 2.681 | 2.412 | 269 | **1.788** | **1.574** | **214** | **13,6%** |
| Þjónusta og umbreyting | 96 | 89 | 7 | 244 | 238 | 6 | 127 | 170 | -43 | **275** | **319** | **-44** | **-13,8%** |
| **Samtals** | **1.444** | **1.331** | **113** | **1.069** | **1.014** | 55 | **3.465** | **3.298** | **167** | 3.090 | **2.981** | **109** | **3,7%** |
| | | | | | | | | | | | | | |
| Eignasjóður fjárfestingar | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 2.407 | 2.333 | 74 | **2.407** | **2.333** | **74** | **3,2%** |
| | | | | | | | | | | | | | |
| **Samtals** | **1.444** | **1.331** | **113** | **1.069** | **1.014** | **55** | **5.872** | **5.631** | **241** | **5.497** | **5.314** | **183** | **3,4%** |

**Borgarskjalasafn** var samtals 16 m.kr. umfram fjárheimildir á tímabilinu en það er að mestu vegna greiðslu félagsgjalda til NEA (Netværket Elektronisk Arkivering) vegna stafrænnar varðveislu sem ekki er gert ráð fyrir í fjárhagsáætlun ásamt auknum kostnaði við upplýsingatækni. Einnig eru uppgjörsgreiðslur vegna starfsloka og staðgengilslauna vegna fjarveru borgarskjalavarðar. Brugðist hefur verið við þessu með fækkun starfsmanna.

**Rekstrarþjónusta** var samtals 28 m.kr. umfram fjárheimildir tímabilsins. Frávik í öðrum rekstrarkostnaði er tilkominn þar sem mótframlag vegna mötuneyta í Ráðhúsi og Höfðatorgi hefur ekki skilað sér en unnið er að lagfæringu.

**Stafrænt ráð** Laun og launatengd gjöld voru 12 m.kr. á tímabilinu en ráðið hefur enga fjárheimild.

**Upplýsingatækniþjónusta** var samtals 214 m.kr. umfram fjárheimildir. Tekjur voru 85 m.kr. yfir áætlun og er tilkomið vegna aukinnar þjónustu við önnur fagsvið. Kerfisrekstur UTR ber ábyrgð á helstu framúrkeyrslunni og hefur átt erfitt með útboð á helstu þjónustum sínum. Á meðan beðið er eftir að útboðum ljúki þarf að halda uppi þjónustu á almennum taxta sem er kostnaðarsamt. Því hefur annar rekstrarkostnaður aukist vegna viðhalds og þjónustu á netkerfum, öryggisafritunar og prentunar.

## 1.10 Framlög til B-hluta fyrirtækja




| Framlög (m.kr.) | Raun 2023 | Áætlun 2023 | Frávik | % |
|---|---|---|---|---|
| Strætó | 2.645 | 2.651 | -6 | -0,2% |
| Slökkvilið hbsv. | 1.045 | 1.054 | -9 | -0,9% |
| **Nettó útgjöld** | **3.690** | **3.705** | **-16** | **-0,4%** |

Myndin hér til hliðar sýnir framlög til B-hluta fyrirtækja fyrir tímabilið janúar – september 2023 í samanburði við fjárheimildir tímabilsins. Prósentuhlutföll í töflu lýsa fráviki frá raun niðurstöðu miðað við endurskoðaða áætlun (hér eftir nefnd áætlun). Allar tölur eru í milljónum króna.

**Framlög til B-hluta fyrirtækja** námu 3.690 m.kr. og voru 16 m.kr. innan fjárheimilda.

**Strætó:** Framlag til Strætó var 2.645 m.kr. eða um 6 m.kr. innan fjárheimilda.

**Slökkvilið höfuðborgarsvæðisins:** Framlag til Slökkviliðs höfuðborgarsvæðisins var 1.045 m.kr. og var það 9 m.kr. innan fjárheimilda.

## 2. Eignasjóður




| Rekstur Eignasjóðs (í m.kr.) | Raun 2023_09 | Áætlun | Frávik | % | Raun 2022_09 | Breyting | % |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Leigutekjur | 22.505 | 22.119 | 386 | 1,7% | 21.989 | 516 | 2,3% |
| Sala byggingaréttar | 1.689 | 3.748 | -2.059 | -54,9% | 2.241 | -552 | -24,6% |
| Sala fastafjármuna | 690 | 185 | 505 | 273,0% | 665 | 24 | 3,7% |
| Aðrar tekjur | 743 | 699 | 44 | 6,3% | 679 | 64 | 9,4% |
| **Rekstrartekjur samtals** | **25.627** | **26.751** | **-1.124** | **-4,2%** | **25.575** | **52** | **0,2%** |
| Laun og launatengd gjöld | -2.067 | -2.226 | 159 | -7,1% | -1.881 | -186 | 9,9% |
| Annar rekstrarkostnaður | -6.045 | -5.986 | -59 | 1,0% | -5.274 | -770 | 14,6% |
| Afskriftir | -6.200 | -6.082 | -118 | 1,9% | -5.181 | -1.020 | 19,7% |
| **Rekstrargjöld samtals** | **-14.312** | **-14.293** | **-19** | **0,1%** | **-12.336** | **-1.976** | **16,0%** |
| Fjármagnsliðir | -9.428 | -7.726 | -1.701 | 22,0% | -12.497 | 3.069 | -24,6% |
| **EBITDA** | **17.515** | **18.540** | **-1.025** | **-5,5%** | **18.420** | **-904** | **-4,9%** |
| **EBIT** | **11.315** | **12.458** | **-1.143** | **-9,2%** | **13.239** | **-1.924** | **-14,5%** |
| **Rekstrarniðurstaða** | **1.887** | **4.731** | **-2.844** | **-60,1%** | **743** | **1.145** | **154,2%** |

**Rekstrarniðurstaða Eignasjóðs var jákvæð um 1.641 m.kr.** en fjárhagsáætlun gerði ráð fyrir að niðurstaðan yrði jákvæð um 4.731 m.kr. og niðurstaðan því 3.091 m.kr. lakari en áætlað var.

**Rekstrartekjur** voru 25.627 m.kr. eða 1.124 m.kr. undir áætlun. **Leigutekjur** voru 22.505 m.kr. eða 386 m.kr. yfir áætlun sem skiptist þannig að ytri leiga var 95 m.kr. yfir áætlun og innri leiga var 289 m.kr. yfir áætlun. **Sala byggingarréttar** nam 1.689 m.kr. og var 2.059 m.kr. undir áætlun. **Sala fastafjármuna** skilaði hagnaði sem nam 690 m.kr. og var 505 m.kr. yfir áætlun **og aðrar tekjur** voru 743 m.kr. eða 44 m.kr. yfir áætlun.




**Rekstrargjöld** námu 14.312 m.kr. eða 19 m.kr. umfram fjárheimildir. **Annar rekstrarkostnaður** var 6.045 m.kr. eða 59 m.kr. umfram fjárheimildir. Þar af var eignaskrifstofa 39 m.kr. innan fjárheimilda, skrifstofa miðlægrar stjórnsýslu 15 m.kr. innan fjárheimilda og umhverfis- og skipulagssvið 112 m.kr. umfram fjárheimildir.

**Nettó fjármagnsgjöld** voru 9.428 m.kr. eða 1.701 m.kr. hærri en áætlun gerði ráð fyrir sem rekja má til hærri verðbólgu á tímabilinu og einnig er fjármögnun verkefna aðeins fyrr á ferðinni en áætlun gerði ráð fyrir.

## Efnahagur

| Efnahagur Eignasjóðs (m.kr.) | 30.9.2023 | 31.12.2022 | Breyting | % |
|---|---|---|---|---|
| Óefnislegar eignir | 4.172 | 3.777 | 396 | 10,5% |
| Fasteignir og lóðir | 157.074 | 149.615 | 7.459 | 5,0% |
| Götur | 36.849 | 34.372 | 2.477 | 7,2% |
| Áhöld og tæki | 7.877 | 7.362 | 515 | 7,0% |
| Leigueignir | 4.777 | 5.154 | -377 | -7,3% |
| Langtímakröfur | 1.332 | 1.181 | 151 | 12,8% |
| Veltufjármunir án handb.fjár | 30.457 | 54.892 | -24.435 | -44,5% |
| Handbært fé | 140 | 33 | 107 | 325,7% |
| Eignir samtals | 242.679 | 256.385 | -13.706 | -5,3% |
| Eigið fé | 100.388 | 98.500 | 1.887 | 1,9% |
| Langtímalán | 111.310 | 130.306 | -18.996 | -14,6% |
| Leiguskuldir | 10.149 | 10.492 | -343 | -3,3% |
| Næsta árs afborganir langtímalána og leiguskulda | 15.331 | 11.049 | 4.282 | 38,7% |
| Ríkissjóður, fyrirfram innborgað vegna fjárfestinga | 80 | 80 | 0 | 0,0% |
| Skammtímaskuldir án næsta árs afb. og fyrirfram innb. frá Ríkissjóði | 5.421 | 5.957 | -536 | -9,0% |
| Skuldir samtals | 142.291 | 157.885 | -15.593 | -9,9% |
| Skuldir og eigið fé samtals | 242.679 | 256.385 | -13.706 | -5,3% |

## Sjóðstreymi




Með brúttó fjárfestingu er fjárfesting í varanlegum rekstrarfjármunum og óefnislegum eignum.

# Fjárfestingar

**Fjárfestingar** á tímabilinu námu 18.427 m.kr. eða um 574 m.kr. undir áætlun tímabilsins. Tekjur vegna gatnagerðargjalda námu 1.271 m.kr. eða 604 m.kr. undir áætlun. Nettó fjárfesting tímabilsins nam 17.156 m.kr. og reyndist 30 m.kr. yfir því sem áætlun tímabilsins gerði ráð fyrir.

| Fjárfestingar Eignasjóðs (m.kr.) | Raun 2023 | Áætlun 2023 | Frávik | % |
|---|---|---|---|---|
| Fasteignir og stofnbúnaður | 9.913 | 8.423 | 1.491 | 17,7% |
| Samgöngumannvirki | 5.025 | 7.480 | -2.455 | -32,8% |
| Annað | 3.489 | 3.098 | 391 | 12,6% |
| Samtals fjárfesting - brúttó | 18.427 | 19.000 | -574 | -3,0% |
| Gatnagerðargjöld | -1.271 | -1.875 | 604 | -32,2% |
| **Samtals fjárfesting - nettó** | **17.156** | **17.126** | **30** | **0,2%** |

**Samgöngumannvirki** Kostnaður við gatnaframkvæmdir nam 5.025 m.kr. sem var um 32,8% undir áætlun tímabilsins. Tekjur af gatnagerðargjöldum námu 1.271 m.kr. eða 32,2% undir áætlun tímabilsins.

**Áhöld og tæki** Fjárfestingar námu 842 m.kr. sem er 72% undir áætlun tímabilsins.

**Óefnislegar eignir** Fjárfestingar námu 1.871. sem er 12% yfir áætlun tímabilsins

**Lóðir, lönd og skipulagseignir** Fjárfestingar námu 547 m.kr. sem er 1.064% yfir áætlun tímabilsins.

**Endurbætur, sérstök átaksverkefni** Fjárfestingar námu .230 m.kr. sem er um 15% yfir áætlun tímabilsins.

## Fjármála- og áhættustýringarsvið vekur athygli á:

- Áhætta vegna lána Eignasjóðs tengist fyrst og fremst innlendu verðlagi.
- Sala byggingarréttar nam 1.689 m.kr. á tímabilinu og var 2.059 m.kr. undir áætlun.
- Sala fastafjármuna nam 690 m.kr. á tímabilinu og var 505 m.kr. yfir áætlun.
- Brúttó fjárfestingar voru 18.427 m.kr. eða um 574 m.kr. undir áætlun. Tekjur vegna gatnagerðargjalda námu 1.271 m.kr. eða 604 m.kr. undir áætlun. Nettó fjárfesting var 17.156 m.kr. og var 30 m.kr. undir því sem áætlun tímabilsins gerði ráð fyrir.

## 2.1 Eignaskrifstofa (ESR)




| Rekstur ESR (m.kr.) | Raun 2023 | Áætlun 2023 | Frávik | % |
|---|---|---|---|---|
| Tekjur | 23.331 | 22.442 | 888 | 4,0% |
| Laun og launat. gj. | 67 | 67 | 1 | 1,2% |
| Annar rekstark. | 4.624 | 4.663 | -39 | -0,8% |
| Afskriftir | 6.200 | 6.082 | 118 | 1,9% |
| Fjármagnsliðir | -9.428 | -7.726 | -1.701 | 22,0% |
| **Rekstrarniðurstaða** | **3.011** | **3.904** | **-893** | **-22,9%** |

Myndin hér til hliðar lýsir niðurstöðu hjá Eignaskrifstofu fyrir tímabilið janúar - september 2023 í samanburði við fjárheimildir tímabilsins. Prósentuhlutföll í töflu lýsa fráviki raun niðurstöðu miðað við endurskoðaða áætlun (hér eftir nefnd áætlun). Allar tölur eru í milljónum króna.

**Rekstrarniðurstaða Eignaskrifstofu var jákvæð um 3.011 m.kr.** en áætlun gerði ráð fyrir jákvæðri afkomu upp á 3.904 m.kr. Rekstrarniðurstaðan var því lakari en áætlað var sem nam 893 m.kr.

Rekstrarniðurstaða fyrir fjármagnsliði var jákvæð um 12.438 m.kr. eða 808 m.kr. yfir áætlun. Tekjur voru 888 m.kr. yfir áætlun og annar rekstrarkostnaður var 39 m.kr. innan fjárheimilda. Þá voru afskriftir 118 m.kr. yfir áætlun.

**Tekjur** voru 23.331 m.kr. eða 888 m.kr. yfir áætlun og jafngildir það 4% fráviki.

**Leigutekjur** voru 22.502 m.kr. eða 383m.kr. betri en áætlun gerði ráð fyrir. Innri leiga var 289 m.kr. yfir áætlun og ytri leiga 95 m.kr. yfir áætlun.

**Aðrar tekjur** voru 828 m.kr. eða 505 m.kr. hærri en áætlun ársins, en hagnaður af sölu fastafjármuna var 505 m.kr. yfir áætlun.

**Laun og launatengd gjöld** voru 67 m.kr. sem er 1 m.kr. umfram fjárheimildir eða sem jafngildir 1,2% fráviki.

**Annar rekstrarkostnaður** var 4.624 m.kr. eða 39 m.kr. innan fjárheimilda sem jafngildir 0,8% fráviki.

**Afskriftir** voru 6.200 m.kr. eða 118 m.kr. yfir því sem áætlun tímabilsins gerði ráð fyrir sem jafngildir 1,9% fráviki.

**Fjármagnsliðir** Fjármagnsgjöld að frádregnum fjármunatekjum námu 9.428 m.kr. og voru 1.701 m.kr. yfir því sem áætlun gerði ráð fyrir sem jafngildir 22% fráviki. Þar af eru fjármunatekjur 8,3 m.kr. hærri en áætlaði hafði verið og fjármagnsgjöld 1.956 m.kr. umfram áætlun þar sem verðbólga var hærri á árinu en fjárhagsáætlun gerði ráð fyrir.

## 2.2 Skrifstofa miðlægrar stjórnsýslu (RHS ES)




| Rekstur RHSES (m.kr.) | Raun 2023 | Áætlun 2023 | Frávik | % |
|---|---|---|---|---|
| Tekjur | 1.699 | 3.748 | -2.049 | -54,7% |
| Laun og launat. gj. | 67 | 64 | 3 | 5,5% |
| Annar rekstark. | 172 | 187 | -15 | -7,9% |
| **Rekstrarniðurstaða** | **1.460** | **3.498** | **-2.038** | **-58,3%** |

Myndin hér til hliðar lýsir niðurstöðu hjá skrifstofu miðlægrar stjórnsýslu (RHS ES) fyrir tímabilið janúar – september 2023 í samanburði við fjárheimildir tímabilsins. Prósentuhlutföll í töflu lýsa fráviki raun niðurstöðu miðað við endurskoðaða áætlun (hér eftir nefnd áætlun). Allar tölur eru í milljónum króna.

**Rekstrarniðurstaða skrifstofu miðlægrar stjórnsýslu (RHS ES) var jákvæð um 1.460 m.kr.** en áætlun gerði ráð fyrir jákvæðri afkomu upp á 3.498 m.kr. Rekstrarniðurstaðan var því 2.038 m.kr. lakari en áætlun gerði ráð fyrir.

**Tekjur** af sölu byggingarréttar voru 1.699 m.kr. eða 2.049 m.kr. undir áætlun og jafngildir það 54,7% fráviki.

**Laun og launatengd gjöld** voru 67 m.kr. eða 3 m.kr. umfram fjárheimildir sem jafngildir 5,5% fráviki.

**Annar rekstrarkostnaður** var 172 m.kr. eða 15 m.kr. innan fjárheimilda sem jafngildir 7,9% fráviki.

## 2.3 Umhverfis- og skipulagssvið (ES)




| Rekstur USK (m.kr.) | Raun 2023 | Áætlun 2023 | Frávik | % |
|---|---|---|---|---|
| Tekjur | 597 | 561 | 36 | 6,5% |
| Laun og launat. gj. | 1.932 | 2.095 | -163 | -7,8% |
| Annar rekstrark. | 1.248 | 1.136 | 112 | 9,9% |
| **Nettó útgjöld** | **2.583** | **2.670** | **-87** | **-3,3%** |

Myndin hér til hliðar sýnir niðurstöðu í rekstri umhverfis- og skipulagssviðs í Eignasjóði fyrir tímabilið janúar - september 2023 í samanburði við fjárheimildir tímabilsins. Prósentuhlutföll í töflu lýsa fráviki frá raun niðurstöðu miðað við endurskoðaða áætlun (hér eftir nefnd áætlun). Allar tölur eru í milljónum króna.

**Rekstrarniðurstaða umhverfis- og skipulagssviðs í Eignasjóði var neikvæð um 2.583 m.kr.** en áætlun gerði ráð fyrir neikvæðri afkomu upp á 2.670 m.kr. Rekstrarniðurstaðan var því 87 m.kr. betri en áætlun gerði ráð fyrir eða um 3,3%.

**Tekjur** voru 597 m.kr. eða 36 m.kr. yfir áætlun sem jafngildir 6,5%. Tekjur af **útseldri þjónustu** voru 62 m.kr. hærri en áætlun tímabilsins gerði ráð fyrir.

**Laun og launatengd gjöld** voru 1.932 m.kr. sem var 163 m.kr. innan fjárheimilda eða um 7,8%. **Skrifstofa borgarlandsins** var 53 m.kr. innan fjárheimilda og **Skrifstofa framkvæmda og viðhalds** var 103 m.kr. innan fjárheimilda tímabilsins. Frávikin eru einkum vegna þess að ekki náðist að manna allar stöður á skrifstofunum á tímabilinu.

**Annar rekstrarkostnaður** var 1.248 m.kr. og reyndist 112 m.kr. umfram fjárheimildir eða um 9,9%. **Rekstur USK í Eignasjóði** var 137 m.kr. umfram fjárheimildir vegna milliviðskipta og kostnaður við **útselda þjónustu** 104 m.kr. umfram fjárheimildir, en á móti var kostnaður við **viðhald fasteigna** 110 m.kr. lægri en fjárheimildir tímabilsins.

**Rekstur USK í Eignasjóði sem færist í Aðalsjóð.** Rekstur og viðhald gatna og opinna svæða færast yfir í Aðalsjóð á gjalda og tekjulyklum miðað við raunkostnað. Þessir liðir hafa því ekki áhrif á rekstur Eignasjóðs og því eingöngu gerð grein fyrir þeim í rekstri Aðalsjóðs.

| Málaflokkar USK ES (m.kr.) | Tekjur | Áætlun 2023 | Frávik | Laun og launatengd gjöld | Áætlun 2023 | Frávik | Annar kostnaður | Áætlun 2023 | Frávik | Rekstrar-niðurstaða | Áætlun 2023 | Frávik | % |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Rekstur USK í eignasjóði | 404 | 430 | -26 | 1.932 | 2.095 | -163 | -1.528 | -1.666 | 137 | **0** | **0** | **0** | **N/A** |
| Viðhald fasteigna | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 2.499 | 2.609 | -110 | **2.499** | **2.609** | **-110** | **-4,2%** |
| Aðgengismál fasteigna | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 42 | 56 | -14 | **42** | **56** | **-14** | **-24,9%** |
| Færanlegar kennslustofur | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 5 | -5 | **0** | **5** | **-5** | **-100,0%** |
| Útseld þjonusta | 193 | 131 | 62 | 0 | 0 | 0 | 236 | 131 | 104 | **42** | **0** | **42** | **N/A** |
| **Samtals:** | **597** | **561** | **36** | **1.932** | **2.095** | **-163** | **1.248** | **1.136** | **112** | **2.583** | **2.670** | **-87** | **-3,3%** |

**Viðhald fasteigna** var 2.499 m.kr. sem var 110 m.kr. innan fjárheimilda tímabilsins eða 4,2%. Gert er ráð fyrir að viðhald fasteigna verði á áætlun í árslok.

**Útseld þjónusta:** Tekjur af útseldri þjónustu námu 193 m.kr. sem var 62 m.kr. hærri en áætlun tímabilsins eða um 47%. Kostnaður við útselda þjónustu var 236 m.kr. eða 104 m.kr. umfram fjárheimildir tímabilsins eða um 80%. Mismunur á tekjum og gjöldum verður reikningsfærður á síðasta ársfjórðungi ársins.

# 3. Lykiltölur mannauðs

Hér að neðan má sjá lykiltölur mannauðs skipt eftir sviðum. Tölur sem birtar eru snúa að fjölda stöðugilda, fjölda yfirvinnustunda, fjölda vinnustunda með vaktaálagi og ekinna kílómetra.

Við útreikning stöðugilda er miðað við greidd stöðugildi í útborgun á tímabilinu 1. janúar til 30. september árin 2022 og 2023. Undanskilin eru stöðugildi starfsmanna í fæðingarorlofi þar sem ekki fellur til kostnaður vegna þeirra.

## A-hluti

| | 2022-09 | | | 2023-09 | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| **Lykiltölur um mannauð - A-hluti** | **KK** | **KVK** | **Samtals** | **KK** | **KVK** | **Samtals** | **Br. frá f. ári** |
| Fjöldi stöðugilda á tímabilinu, meðaltal | 2.322 | 6.255 | 8.577 | 2.351 | 6.313 | 8.664 | 1,0% |
| Fjöldi yfirvinnustunda á tímabilinu | 241.237 | 343.100 | 584.337 | 233.882 | 338.494 | 572.376 | -2,0% |
| Fjöldi vinnust. með vaktaálagi á tímabilinu | 549.079 | 799.823 | 1.348.902 | 558.352 | 790.605 | 1.348.957 | 0,0% |
| Eknir kílómetrar á tímab. (samn. og dagb.) | 184.273 | 625.993 | 810.266 | 220.062 | 669.183 | 889.244 | 9,7% |
| Fjöldi samgöngustyrkja á tímabilinu | 567 | 2.019 | 2.586 | 935 | 2.945 | 3.880 | 50,0% |

## Sundurliðun einstök svið

| | 2022-09 | | | 2023-09 | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| **Menningar- og íþróttasvið** | **KK** | **KVK** | **Samtals** | **KK** | **KVK** | **Samtals** | **Br. frá f. ári** |
| Fjöldi stöðugilda á tímabilinu, meðaltal | 220 | 287 | 507 | 211 | 266 | 477 | -5,9% |
| Fjöldi yfirvinnustunda á tímabilinu | 54.302 | 45.267 | 99.569 | 47.321 | 43.647 | 90.969 | -8,6% |
| Fjöldi vinnust. með vaktaálagi á tímabilinu | 65.409 | 61.947 | 127.356 | 59.677 | 55.129 | 114.807 | -9,9% |
| Eknir kílómetrar á tímab. (samn. og dagb.) | 22.679 | 14.472 | 37.151 | 28.029 | 11.862 | 39.891 | 7,4% |
| Fjöldi samgöngustyrkja á tímabilinu | 42 | 72 | 114 | 59 | 97 | 156 | 36,8% |

| | 2022-09 | | | 2023-09 | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| **Skóla- og frístundasvið** | **KK** | **KVK** | **Samtals** | **KK** | **KVK** | **Samtals** | **Br. frá f. ári** |
| Fjöldi stöðugilda á tímabilinu, meðaltal | 953 | 3.870 | 4.823 | 944 | 3.935 | 4.879 | 1,2% |
| Fjöldi yfirvinnustunda á tímabilinu | 53.233 | 142.005 | 195.238 | 59.857 | 148.558 | 208.415 | 6,7% |
| Fjöldi vinnust. með vaktaálagi á tímabilinu | 31.056 | 47.501 | 78.557 | 27.068 | 49.069 | 76.138 | -3,1% |
| Eknir kílómetrar á tímab. (samn. og dagb.) | 55.329 | 137.173 | 192.502 | 52.775 | 163.080 | 215.855 | 12,1% |
| Fjöldi samgöngustyrkja á tímabilinu | 321 | 1.577 | 1.898 | 521 | 2.326 | 2.847 | 50,0% |

| | 2022-09 | | | 2023-09 | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| **Umhverfis- og skipulagssvið** | **KK** | **KVK** | **Samtals** | **KK** | **KVK** | **Samtals** | **Br. frá f. ári** |
| Fjöldi stöðugilda á tímabilinu, meðaltal | 327 | 148 | 476 | 330 | 154 | 484 | 1,7% |
| Fjöldi yfirvinnustunda á tímabilinu | 61.390 | 9.983 | 71.373 | 57.737 | 9.548 | 67.285 | -5,7% |
| Fjöldi vinnust. með vaktaálagi á tímabilinu | 18.636 | 1.362 | 19.998 | 19.159 | 1.224 | 20.383 | 1,9% |
| Eknir kílómetrar á tímab. (samn. og dagb.) | 22.874 | 7.148 | 30.021 | 26.819 | 3.714 | 30.532 | 1,7% |
| Fjöldi samgöngustyrkja á tímabilinu | 50 | 34 | 84 | 72 | 39 | 111 | 32,1% |

| | 2022-09 | | | 2023-09 | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| **Velferðarsvið** | **KK** | **KVK** | **Samtals** | **KK** | **KVK** | **Samtals** | **Br. frá f. ári** |
| Fjöldi stöðugilda á tímabilnu, meðaltal | 681 | 1.703 | 2.384 | 726 | 1.713 | 2.439 | 2,3% |
| Fjöldi yfirvinnustunda á tímabilinu | 70.442 | 145.845 | 216.287 | 66.279 | 136.668 | 202.947 | -6,2% |
| Fjöldi vinnust. með vaktaálagi á tímabilinu | 424.102 | 688.366 | 1.112.468 | 442.374 | 684.641 | 1.127.015 | 1,3% |
| Eknir kílómetrar á tímab. (samn. og dagb.) | 102.483 | 463.525 | 566.008 | 106.126 | 487.247 | 593.373 | 4,8% |
| Fjöldi samgöngustyrkja á tímabilinu | 115 | 285 | 400 | 220 | 416 | 636 | 59,0% |

| | 2022-09 | | | 2023-09 | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| **Miðlæg stjórnsýsla** | **KK** | **KVK** | **Samtals** | **KK** | **KVK** | **Samtals** | **Br. frá f. ári** |
| Fjöldi stöðugilda á tímabilinu, meðaltal | 25 | 55 | 80 | 23 | 56 | 79 | -1,3% |
| Fjöldi yfirvinnustunda á tímabilinu | 0 | 0 | 0 | 811 | 27 | 838 | n/a |
| Fjöldi vinnust. með vaktaálagi á tímabilinu | 1.724 | 519 | 2.243 | 1.733 | 462 | 2.194 | -2,2% |
| Eknir kílómetrar á tímab. (samn. og dagb.) | 1.793 | 1.794 | 3.587 | 1.318 | 1.113 | 2.431 | -32,2% |
| Fjöldi samgöngustyrkja á tímabilinu | 4 | 10 | 14 | 7 | 20 | 27 | 92,9% |

| | 2022-09 | | | 2023-09 | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Fjármála- og áhættustýringarsvið | KK | KVK | Samtals | KK | KVK | Samtals | Br. frá f. ári |
| Fjöldi stöðugilda á tímabilinu, meðaltal | 31 | 81 | 112 | 29 | 75 | 105 | -6,3% |
| Fjöldi vinnust. með vaktaálagi á tímabilinu | | 128 | 128 | | 80 | 80 | -37,5% |
| Eknir kílómetrar á tímab. (samn. og dagb.) | | 363 | 363 | 1.377 | 327 | 1.704 | 369,4% |
| Fjöldi samgöngustyrkja á tímabilinu | 6 | 13 | 19 | 9 | 9 | 18 | -5,3% |

| | 2022-09 | | | 2023-09 | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Mannauðs- og starfsumhverfissvið | KK | KVK | Samtals | KK | KVK | Samtals | Br. frá f. ári |
| Fjöldi stöðugilda á tímabilinu, meðaltal | 3 | 16 | 19 | 4 | 15 | 19 | 0,0% |
| Eknir kílómetrar á tímab. (samn. og dagb.) | | 401 | 401 | 216 | 933 | 1.149 | 186,5% |
| Fjöldi samgöngustyrkja á tímabilinu | 1 | 4 | 5 | 2 | 4 | 6 | 20,0% |

| | 2022-09 | | | 2023-09 | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Þjónustu- og nýsköpunarsvið | KK | KVK | Samtals | KK | KVK | Samtals | Br. frá f. ári |
| Fjöldi stöðugilda á tímabilinu, meðaltal | 81 | 95 | 176 | 84 | 99 | 183 | 4,0% |
| Fjöldi yfirvinnustunda á tímabilinu | 1.870 | | 1.870 | 1.877 | 47 | 1.924 | 2,9% |
| Fjöldi vinnust. með vaktaálagi á tímabilinu | 8.153 | | 8.153 | 8.340 | | 8.340 | 2,3% |
| Eknir kílómetrar á tímab. (samn. og dagb.) | 1.766 | 1.118 | 2.884 | 3.402 | 907 | 4.309 | 49,4% |
| Fjöldi samgöngustyrkja á tímabilinu | 28 | 24 | 52 | 45 | 34 | 79 | 51,9% |